# FRÉTTABLAÐIÐ

254. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 27. OKTÓBER 2016





**Jáeindaskanninn kominn** Per-Ingvar Andersson vann í gær að uppsetningu nýs jáeindaskanna sem Íslensk erfðagreining gefur íslensku þjóðinni. Andersson hefur unnið að uppsetningu jáeindaskanna víða um heim undanfarin sextán ár. Slíkir skannar eru notaðir við meðferð krabbameinssjúklinga, einkum til að greina og meta æxli í mannslíkamanum með nákvæmum upplýsingum um dreifingu og staðsetningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Umgengnisforeldrar enn óskráðir

**Foreldrar sem ekki hafa lögheimili barna sinna hjá sér eru enn skráðir barnlausir í Þjóðskrá þrátt fyrir að gera hafi átt bragarbót á því með þingsályktunartillögu. Umgengnisforeldrar búa enn við lakari réttindi.**

**STJÓRNSÝSLA** Umgengnisforeldrar eru enn óskráðir í Þjóðskrá og þar með formlega barnlausir þrátt fyrir að með þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi árið 2014 hafi þess verið krafist að búið væri að skrá foreldrana fyrir 1. janúar 2016.

Sameiginleg forsjá foreldra yfir börnum eftir skilnað er að verða æ algengara fjölskyldumynstur. Það foreldri sem hefur lögheimili barns hefur rétt til að ráða alfarið búsetu barnsins innanlands, val á grunnskóla og leikskóla sem og að hljóta allar barnabætur vegna barnsins eða barnanna og svo framvegis. Þessi réttindi fylgja lögheimilisforeldri þrátt fyrir að barn búi á heimilum beggja foreldra jafnt. Umgengnisforeldri er hins vegar skráð barnlaust í Þjóðskrá og öllum kerfum sem byggja á henni.

Tillaga Bjartrar framtíðar um skráningu foreldranna var samþykkt með yfirgnæfandi stuðningi sextíu þingmanna í maí 2014 og sagði þar að verkefnið ætti að vera komið í gagnið eigi síðar en 1. janúar 2016. Skráningin væri fyrsti liður í stærri áætlun um að tvöfalda lögheimili barna.

„Það er búið að gera heilmikið í að benda á hvað þarf að koma til svo hægt sé að skrá umgengnisforeldri. Það þarf að formgera svona verkefni en ráðuneytin þurfa að gera það sjálf sem ekki hefur gerst. Það hefur heldur ekkert breyst í löggjöf eða slíkt,“ segir Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár.

> **Það er gríðarlega mikill fjárhagslegur mismunur á milli foreldra, byggt á því hvort annað foreldrið hafi lögheimilið eða ekki.**
>
> Birgir Grímsson, formaður Félags um foreldrajafnrétti

Guðmundur Steingrímsson, fyrsti flutningsmaður tillögunnar, undrast seinaganginn. „Það er glatað að vera foreldri barns en vera ekki skráður í opinberri skráningu. Þetta er hópur sem núna er ekki að njóta neinna bóta eða aðstoðar til að annast börn sín. Ég held að þarna sé hópur sem hefur það einna verst í okkar samfélagi.“

Birgir Grímsson, formaður Félags um foreldrajafnrétti, segir lengi hafa lítið þokast í öllum málum er varða foreldrajafnrétti. „Það er gríðarlega mikill fjárhagslegur mismunur á milli foreldra byggt á því hvort annað foreldrið hafi lögheimilið eða ekki.“ - snæ

## Emmsjé Gauti sem He-Man

**LÍFIÐ** Rapparinn Emmsjé Gauti hefur látið gamlan draum rætast og látið hanna eftirlíkingu af sjálfum sér sem He-Man. Þetta gerir Gauti meðfram útgáfu á nýrri plötu hans sem ber heitið 17. nóvember, en eftirlíkingin verður til sölu í takmörkuðu upplagi.

„Ég var í vandræðum með að finna nafn á plötuna þangað til Geoff, annar stofnandi Sticky Records, kom með hugmyndina að því að gera dótakall – en sú hugmynd er í raun og veru tilkomin af því að Finni, eigandi Sticky Records, á líka spilasalinn Fredda og þar er gaur sem heitir Viktor – hann rekur fyrirtækið Viktor's Vintage – og hefur verið að gera svona kalla og selja í Fredda,“ segir Emmsjé Gauti.



– sþh / sjá síðu 52

## Mygla og mannekla á Grensásdeild

**SAMFÉLAG** Viðvarandi húsnæðisvandi og mannekla stendur starfsemi endurhæfingardeildar Landspítalans á Grensási fyrir þrifum, enda er aðalbygging deildarinnar rúmlega fjögurra áratuga gömul. Húsnæðið er barn síns tíma og hentar illa þeim kröfum sem gerðar eru í dag. Mygla er komin upp í gamla húsnæðinu en hugmyndir um byggingu nýrrar álmu á Grensásdeild hafa lengi verið uppi en aldrei komist á fjárlög.

Deildin sinnir þeim verst förnu eftir slys og veikindi hér á landi, en getur ekki veitt nauðsynlega sálfræðiþjónustu eða hjúkrun vegna undirmönnunar.



Ekki hefur tekist að komast fyrir mygluvandamál á Grensási. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stefán Yngvason, yfirlæknir Grensásdeildar LSH, segir tvennt hrjá Grensás. Annars vegar húsnæðismálin og hins vegar undirmönnun á vissum sviðum eins og í hjúkrun og iðju-, sjúkra- og talþjálfun. Þá er sálfræðiþjónustan sérstaklega illa stödd. „Það er mikilvægt að bjarga mannslífum en við verðum jafnframt að tryggja lífsgæði þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum,“ segir Stefán spurður um þá áherslu sem virðist vera á uppbyggingu bráðaþjónustu á sama tíma og endurhæfingin virðist fá litla athygli. „Síðan er það húsnæðið. Það er hluti af þessu stóra vandamáli spítalans að það eru rakaskemmdir og mygluvandamál í húsinu og það er ekki búið að klára þær lagfæringar. Síðan er húsið of gamalt og þarf að endursmíða mikið og byggja við. – shá / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Steinunn Sigurðardóttir skrifar um íslenskar leikreglur. 22

**SPORT** Fréttablaðið skoðar gullkynslóð íslenska handboltalandsliðsins. 28

**MENNING** Tónlist, myndlist og gjörningar á listahátíðinni Cycle í Kópavogi. 38


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Ákveðin suðvestanátt í dag. Víða skúrir eða él og hiti 0 til 5 stig, en þurrt veður á Austurlandi. SJÁ SÍÐU 34



Ferðamenn við Hakið á Þingvöllum. FRÉTTBLAÐIÐ/PJETUR

## Gestastofan verður dýrari

**ÞJÓÐGARÐAR** Bygging gestastofu á Hakinu í þjóðgarðinum á Þingvöllum verður 20 prósent dýrari en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Þetta kemur fram í fundargerð Þingvallanefndar frá 6. september sem birt var í gær.

Þrjú tilboð bárust í gestastofuna eftir útboð Ríkiskaupa. Lægsta tilboðið, frá Þarfaþingi, nam tæpum 447 milljónum króna. Kostnaðaráætlunin var 360 milljónir.

„Kostnaðaraukinn skýrist aðallega af því að vinnusvæðið er erfitt og jarðvinna er mikil,“ segir meðal annars í fundargerðinni en samþykkt var að taka tilboði Þarfaþings og leita til forsætisráðuneytisins og Alþingis um fjármögnun. – **gar**

## Fossa á Fríkirkjuveg




**Unnið er að endurbótum á Fríkirkjuvegi 3 en sú vinna hefur staðið yfir í rúmt ár. Þegar þeim er lokið mun fjárfestingarfélagið Fossa ehf. og verðbréfafyrirtækið Fossa markaðir hf. verða með starfsemi í húsinu. Vonast er til þess að af því geti orðið í nóvember. Húsið var byggt árið 1904 og er því 112 ára gamalt. Aðalheiður Magnúsdóttir, einn eigenda Fossa, segist hlakka mikið til þess að flytja starfsemina í húsið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Húnaþing vestra mun kæra veiðimenn án leyfis

**VEIÐI** Húnaþing vestra áformar að selja rjúpnaveiðileyfi á lönd í eigu sveitarfélagsins á yfirstandandi rjúpnaveiðitímabili. Forsætisráðuneytið hefur úrskurðað að sveitarfélaginu sé óheimilt að selja rjúpnaveiðileyfi á þjóðlendur í sveitarfélaginu.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri segir fyrirkomulag rjúpnaveiða nú í samræmi við úrskurðinn. „Við bjóðum nú aðeins veiðileyfi á lönd í eigu sveitarfélagsins og undanskiljum þau almenningnum. Þetta er í samræmi við úrskurðinn. Allir með gilt veiðikort og skotvopnaleyfi geta keypt veiðileyfi hjá okkur og fá kort af svæðunum,“ segir Guðný Hrund.

Fjöldi verður takmarkaður við fjórar byssur í löndum sveitarfélagsins og er vænst til þess að veiðimenn virði fyrirkomulagið.

Guðný segir öllum heimilt að fara á þjóðlendur innan sveitarfélagsins en veiði á eignarlandi er háð leyfi. „Þeir veiðimenn sem munu veiða á okkar landareignum án leyfis verða kærðir umsvifalaust til lögreglu og gildir einu hvort þeir hafi veitt á svæðinu áður,“ segir Guðný Hrund. – **sa**







Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


# Prófessor settur í stjórn Matís gegn vilja sínum

**Brynhildur Davíðsdóttir prófessor sem kjörin var í stjórn Matís að henni forspurðri tekur ekki sætið. Afsettur stjórnarformaður telur að boða þurfi nýjan aðalfund og kjósa alla stjórnina að nýju. Því hafnar ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins.**

**STJÓRNSÝSLA** Brynhildur Davíðsdóttir prófessor tekur ekki sæti í stjórn Matís ohf. eins og hún var kjörin til á aðalfundi félagsins á þriðjudaginn í síðustu viku.

„Kvöldið fyrir aðalfund varð ljóst að ráðherrann Gunnar Bragi Sveinsson hygðist taka allt aðra stefnu með stjórn félagsins en fyrirrennarar hans í embætti, með því að skipa fjóra nýja stjórnarmenn þótt fyrir lægi að allir nema einn af stjórnarmönnum gæfu kost á sér,“ segir Friðrik Friðriksson, sem settur var af sem stjórnarformaður og út úr stjórninni á aðalfundinum.

Að sögn Friðriks sagði hann á aðalfundinum að vinnubrögð Gunnars Braga Sveinssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, væru ámælisverð.

„Í ljós hefur komið að einn af þeim sem stillt var upp af ráðherra hafði þegar afþakkað setu í stjórn áður en til fundarins kom, en var kjörinn samt. Þess utan voru samþykktir félagsins brotnar með því að framboð til stjórnar lá ekki fyrir fimm dögum fyrir fund,“ segir Friðrik.

Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir ekki úrslitaatriði að fimm daga fresturinn hafi ekki virtur. „Ég hugsa að það hafi nú verið vanhöld á því í gegnum tíðina, það ekki ógildingarástæða,“ segir hann.

Friðrik segir hins vegar óumdeilt að framkvæmd stjórnarkjörsins hafi verið gölluð og að það verði að leiðrétta. „Að mínu mati blasir við að það verður aðeins gert á nýjum aðalfundi eða hlutahafafundi og þá verði kjörin lögmæt stjórn í félaginu,“ segir hann og vísar í ákvæði laga sem segir að stjórnarmenn í opinberum hlutafélögum skuli allir kjörnir á sama fundi.



Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Í ljós hefur komið að einn af þeim sem stillt var upp af ráðherra hafði þegar afþakkað setu í stjórn áður en til fundarins kom, en var kjörinn samt.**



Friðrik Friðriksson, fyrrverandi stjórnarformaður Matís

Kristján á hinn bóginn segir að aðeins þurfi að velja einn nýjan stjórnarmann. „Það fór ekkert úrskeiðis öðruvísi en þannig að einn stjórnarmaður tók ekki kjöri,“ segir hann. Ekki þurfi nýjan aðalfund og skipa þar alla stjórnina. „Það er ekki skoðun okkar.“ Að sögn Kristjáns er unnið að lausn málsins í samræmi við lög. „En þarna er bara einn eigandi,“ bendir ráðuneytisstjórinn á.

„Nú er það þannig að hlutafélagalögin eins og önnur lög eru sett til að fara eftir þeim. Samþykktir félaga eru settar til að fara eftir þeim. Ég á von á því að hluthafinn fari að lögum, geri rétta hlutinn og haldi bara annan fund,“ segir Friðrik Friðriksson.

Sveinn Ingimarsson, forstjóri Matís, segist leggja áherslu á fagleg vinnubrögð. „Það er mikilvægt að öllum formsatriðum í þeirri löggjöf sem um okkur gildir verði fylgt og það er enginn ágreiningur um það,“ segir forstjórinn sem kveðst eiga von á því að boðað verði til nýs hluthafafundar. Boða þarf slíkan fund með sjö daga fyrirvara.

Ekki náðist í Brynhildi Davíðsdóttur í gær. **gar@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

# KOSNINGA LOFORÐ

**25% afsláttur** af allri málningu í kosningavikunni

þú velur litinn!




## Parketútsala síðustu dagar!




**1.492** kr/m²
~~1.990~~ kr/m²
**Harðparket - Þýsk gæði**
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100




**2.995** kr/m²
~~4.190~~ kr/m²
**Viðarparket**
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899




**1.373** kr/m²
~~2.289~~ kr/m²
**Harðparket - Austurísk gæði**
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071




**2.017** kr/m²
~~2.690~~ kr/m²
**Harðparket - Þýsk gæði**
Eikarplanki, 8 mm.
147110

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Stöðumælasektir hækka og gjald tekið við bílastæðin við Sólfarið

**SAMFÉLAG** Samþykki borgarráð Reykjavíkur í dag tillögu framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, Kolbrúnar Jónatansdóttur, um gjaldskrárhækkun vegna stöðumælasekta, munu sektirnar hækka verulega. Þá verður einnig tekið fyrir nýtt gjaldsvæði við Sólfarið en bílastæðin við verk Jóns Gunnars Árnasonar hafa hingað til verið gjaldfrjáls.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar tók gjaldskrárbreytingarnar fyrir á fundi sínum í gær og samþykkti að vísa þeim til borgarráðs sem mun fjalla um málið í dag. „Þetta er í takti við það sem er rætt víða um land, að það sé skynsamlegt að taka gjald á ferðamannastöðum,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, spurður um bílastæðin við Sólfarið. Hann bendir á að víða um land sé tekið gjald á bílastæðum við vinsæla ferðamannastaði. „Við erum og höfum verið framarlega þegar kemur að svona.“

> Þetta er í takti við það sem er rætt víða um land, að það sé skynsamlegt að taka gjald á ferðamannastöðum.
>
> Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs





Bílastæðin við Sólfarið verða gerð gjaldskyld. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Halldór Halldórsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að svæðið í miðbæ Reykjavíkur sé almennt gjaldskylt og því komi þessi breyting honum ekki á óvart. „Það hafa bílar verið að safnast þarna saman yfir allan daginn og valdið töluverðum vandræðum.“

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sátu hjá við afgreiðslu um gjaldskrárhækkunina um stöðumælasektir. „Ástæðan fyrir þessum hækkunum er sú, samkvæmt framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, að fólk var farið að leika þann leik að taka bara sektina. Láta bílinn standa allan daginn því það var ódýrara en að borga í stöðumælinn.“ **– bbh**



Þórshöfn á Langanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Illfærir tengivegir í Langanesbyggð

**SAMGÖNGUR** Sveitarstjórn Langanesbyggðar segir að bæta þurfi viðhald og þjónustu á héraðs- og tengivegum í sveitarfélaginu.

„Um árabil hafa umræddir vegir ekki notið fullnægjandi viðhalds og í ár hefur ekkert viðhald átt sér stað, vegna þessa eru vegir í sveitarfélaginu margir hverjir nánast ófærir akandi umferð. Sveitarstjórn bendir Vegagerðinni sem veghaldara á þá ábyrgð sem stofnunin ber samkvæmt vegalögum á ástandi vega og öryggi þeirra,“ segir í bókun meirihluta sveitarstjórnarinnar. Minnihlutinn sat hjá. **– gar**

## Hætta á að PISA kanni röng atriði

**SVÍÞJÓÐ** Í reikningsdæmunum í PISA-könnuninni eru orð sem sjaldan eru notuð í stærðfræðikennslu. Nemendur verða heldur ekki oft varir við orðin í daglegu lífi. Þetta kemur fram í doktorsritgerð Anneli Dyrvold. Að mati hennar er hætta á að frekar sé verið að kanna orðaforða nemenda en stærðfræðikunnáttu þeirra.

Dyrvold segir þetta mikilvæg skilaboð til þeirra sem búa til prófin og til kennara sem þurfi að kenna betur tungumál stærðfræðinnar. **– ibs**

# Afar fáir Sýrlendingar í hópi þeirra sem sækja um hæli hér

**Sýrlenskir hælisleitendur eru einungis um fimm prósent þeirra sem sótt hafa um hæli hér á landi það sem af er ári. Aldrei hafa jafn margir sótt um hæli hérlendis, en flestir eru frá löndum sem ekki flokkast sem stríðshrjáð lönd. Minnihluti þeirra sem sækja um hæli fær umsókn sína tekna til efnislegrar meðferðar.**

**SAMFÉLAG** Fimm prósent þeirra sem sótt hafa um hæli hér á landi það sem af er ári eru frá Sýrlandi. Tæplega helmingur hælisleitendanna er frá Albaníu og Makedóníu, eða 265 talsins af 560 í heildina.

Það er algjört metár á Íslandi í fjölda hælisumsókna en heimurinn glímir nú við stærsta flóttamannavanda síðan mælingar hófust. Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna segir að 65 milljón manns flokkist nú sem flóttamenn um heim allan, sem er tæplega eitt prósent mannkyns.

Stærstur hluti flóttamanna í heiminum kemur frá Miðausturlöndum, eða 39 prósent, ef marka má tölur Sameinuðu þjóðanna. Tölur Útlendingastofnunar benda til þess að tæplega 20 prósent þeirra sem sækja um hæli hér á landi komi frá löndunum sem teljast til Miðausturlanda.

Konur eru tæp átján prósent þeirra hælisleitenda sem hingað koma og börn um 22 prósent. Tvö börn hafa komið fylgdarlaus frá Sýrlandi, strákur og stelpa.

Flóttamannastraumurinn frá Sýrlandi hefur vakið sérstaka athygli síðan á síðasta ári, en Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna segir að um 13,5 milljónir Sýrlendinga séu á flótta og þar af 4,8 milljónir utan Sýrlands. Þess vegna vekur athygli hve fáir sýrlenskir hælisleitendur koma hingað til lands. Árið 2015 voru hælisleitendur frá Sýrlandi um átta prósent umsækjenda en þá voru töluvert færri umsækjendur um hæli, eða 354 talsins. Þrátt fyrir það hafði talan tvöfaldast frá árinu á undan þegar 176 sóttu um hæli árið 2014.

Minnihluti umsækjenda fær hæli hér á landi. Sextíu prósent hælisleitenda sem hingað leituðu árið 2015 fengu umsókn sína tekna til efnismeðferðar og af þeim hópi var 58 prósentum synjað um hæli.

Sama staða er uppi á þessu ári. Um 57 prósent hælisleitenda fengu umsókn sína tekna til efnislegrar meðferðar og Útlendingastofnun synjaði 73 prósentum þeirra um hæli. Meðferðartími málanna hefur styst á tímabilinu og verið 79 dagar að meðaltali. snaeros@frettabladid.is

**Hælisleitendur á Íslandi** 2016




**Niðurstaða mála** sem voru tekin til efnislegrar meðferðar árið 2016






Sýrlensk börn í leik í flóttamannabúðum í Jórdaníu skömmu eftir komuna frá hryllingnum í Aleppo. Mörg barnanna þjást af vökvaskorti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**30%** hælisleitenda á þessu ári hefur verið synjað um meðferð á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.



# Lagersala 26. okt.–30. okt.

# Allt að 80% afsláttur

66° NORÐUR

**Börn**



**Nanna** fóðruð kápa
~~23.000 kr.~~ **11.500 kr.**

**Dömur**



**Vatnajökull** dúnkápa
~~51.000 kr.~~ **25.500 kr.**

**Herrar**



**Týr** rennd peysa
~~29.000 kr.~~ **11.600 kr.**

**Aukahlutir**



**Kjölur** hanskar
~~5.499 kr.~~ **2.200 kr.**

**Börn**



**Sif** hettupeysa
~~8.200 kr.~~ **3.280 kr.**

**Dömur**



**Jaðar** dömubuxur
~~16.900 kr.~~ **5.070 kr.**

**Herrar**



**Snæfell** dúnúlpa
~~81.500 kr.~~ **40.750 kr.**

**Aukahlutir**



**Hengill** eyrnaband
~~2.900 kr.~~ **870 kr.**

**Börn**



**Þór** hettupeysa
~~8.800 kr.~~ **3.520 kr.**

**Dömur**



**Kári** hlaupajakki
~~19.600 kr.~~ **7.840 kr.**

**Herrar**



**Arnarhóll** fóðruð kápa
~~43.500 kr.~~ **21.750 kr.**

**Aukahlutir börn**



**Óðinn** flíshúfa
~~2.300 kr.~~ **1.150 kr.**

**Börn**



**Kría** heilgalli
~~7.500 kr.~~ **3.750 kr.**

**Dömur**



**Vík** rennd peysa
~~17.900 kr.~~ **3.580 kr.**

**Herrar**



**Vík** "Highloft" flíspeysa
~~17.900 kr.~~ **5.370 kr.**

**Aukahlutir börn**



**Glymur** Polartec® húfa
~~4.200 kr.~~ **1.680 kr.**

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu getur lækkað á meðan á lagersölu stendur.

**Útsölumarkaður Faxafen 12** | 108 Reykjavík — Opnunartími: mið.-fös. 8-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
**Skipagata 9** | 600 Akureyri — Opnunartími: mið.-fös. 9-18 | lau. 10-18 | sun. 12-18
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: mið.-fös. 11-18 | lau. 11-18 | sun. 12-16

# Lokka skoska skíðagarpa til Íslands

**FERÐAÞJÓNUSTA** Allir þeir sem kaupa árskort á skíðasvæðum Skotlands, meðal annars í Cairngorms, Glencoe Glenshee og Nevis Range, fá einnig aðgang að skíðasvæðum hér á landi. Frá þessu greinir breska fréttaveitan Courier.

Samkomulag þessa efnis náðist á ráðstefnu NASAA, samtaka skíðasvæða á Íslandi og Skotlandi, sem fór fram í Skotlandi á dögunum.

„Við höldum að þetta sé fyrsta milliríkjasamkomulagið á milli allra skíðasvæða tveggja landa,“ hefur Courier eftir Heather Negus, formanni Ski Scotland. „Þótt það sé samstarf þvert á landamæri á milli einstakra skíðasvæða annars staðar er þessi samningur einstakur þar sem hann nær til hvers einasta skíðasvæðis jafnt á Íslandi og á Skotlandi.“

Negus bætti því við að í ljósi þess að daglegar flugferðir séu á milli Íslands og Skotlands sé líklegt að margir skoskir skíðagarpar grípi tækifærið og skelli sér til Íslands til að skíða í nýju umhverfi eða njóta nýrrar menningar.

Í frétt Courier er einnig rætt við Malcolm Roughead, framkvæmdastjóra VisitScotland, sem segir Ísland og Skotland lítil lönd sem séu sérstaklega vinsæl á meðal ferðamanna. „Þetta sögulega samvinnuverkefni felur í sér samnýtingu upplýsinga um það hvernig best sé að reka skíðasvæði og stuðla að auknum viðskiptum.“ **– þea**

## Mótmæla forsetanum



**Andstæðingar ríkisstjórnar Nicolas Maduro Venesúelaforseta fjölmenntu í gær út á götur fjölmargra borga landsins og kröfðust þjóðaratkvæðagreiðslu um að hann stigi til hliðar. Búist er við því að hundruð þúsunda hafi mótmælt. Slík þjóðaratkvæðagreiðsla var á dagskránni en ríkisstjórnin setti hana á ís í síðustu viku. Efnahagur Venesúela er í molum og hafa meðal annars borist fréttir af skorti á klósettpappír.** NORDICPHOTOS/AFP

# Gamalt úrelt húsnæði er vandamálið

**Húsnæði endurhæfingardeildar Landspítalans á Grensási stendur starfseminni fyrir þrifum. Deildin sinnir þeim verst förnu eftir slys og veikindi hér á landi, en getur ekki veitt nauðsynlega sálfræðiþjónustu eða hjúkrun vegna undirmönnunar. Biðlistar ekki vandamál.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðvarandi húsnæðisvandi og mannekla stendur starfsemi endurhæfingardeildar Landspítalans á Grensási fyrir þrifum, enda er aðalbygging deildarinnar rúmlega fjögurra áratuga gömul. Húsnæðið er barn síns tíma og hentar illa þeim kröfum sem gerðar eru í dag. Mygla er komin upp í gamla húsnæðinu en hugmyndir um byggingu nýrrar álmu á Grensásdeild hafa lengi verið uppi en aldrei komist á fjárlög.

Fréttablaðið fjallaði á mánudag um stöðu endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS á Reykjalundi. Eftirspurn eftir þjónustu er þar miklum mun meiri en unnt er að sinna. Á Reykjalundi bíða nú tæplega þúsund manns eftir þjónustu og biðin er allt upp í eitt ár.

Stefán Yngvason, yfirlæknir Grensásdeildar LSH, bendir á að starfsemi Grensásdeildar sé öðruvísi en Reykjalundar en saman myndi staðirnir góða heild. Grensásdeild er miðstöð frumendurhæfingar á Íslandi fyrir fólk til dæmis vegna heila- og mænuskaða, fjöláverka og margvíslegra sjúkdóma. Biðlistar eru ekki vandamál á Grensásdeild sem markast af eðli starfseminnar, segir Stefán, en hver deild LSH sinnir endurhæfingu eins og hægt er, en þeir sem þurfa lengri tíma fá hjálp á endurhæfingardeildinni.

„Það eru um 400 manns sem fara í gegnum deildirnar hjá okkur á ári. Það gengur að mörgu leyti vel en það sem háir okkur mest er tvennt; annars vegar húsnæðismálin og hins vegar undirmönnun á vissum sviðum sem skiptir auðvitað miklu máli,“ segir Stefán og nefnir undirmönnun í hjúkrun sem og í iðju-, sjúkra- og talþjálfun. Þá er sálfræðiþjónustan sérstaklega illa stödd um þessar mundir, að sögn Stefáns sem hann segir í hrópandi mótsögn við þörfina á stað þar sem fólk er að takast á við stærstu áföll ævi sinnar. „Það er mikilvægt að bjarga lífum en við verðum jafnframt að tryggja lífsgæði þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum,“ segir Stefán spurður um þá áherslu sem virðist vera á uppbyggingu bráðaþjónustunnar á sama tíma og endurhæfingin virðist fá litla athygli.



**Deildin sinnir fjölbreyttum hópi sjúklinga sem hafa misst útlim eða glíma við langvinn veikindi, fjöláverka, mænu- og heilaskaða.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er mikilvægt að bjarga lífum en við verðum jafnframt að tryggja lífsgæði þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum.**
>
> Stefán Yngvason, yfirlæknir



„Síðan er það húsnæðið. Það er hluti af þessu stóra vandamáli spítalans að það eru rakaskemmdir og mygluvandamál í húsinu og það er ekki búið að klára þær lagfæringar. Síðan er húsið of gamalt og þarf að endursmíða mikið og byggja við. Þar erum við með verkefni í gangi með Hollvinunum [Hollvinir Grensáss], að það það verði byggð við húsið ný álma til að hýsa sjúkra-, iðju-, og talmeinaþjálfun og tengda starfsemi. Það hefur sóst mjög seint að koma því áleiðis,“ segir Stefán og bætir við að fyrir söfnunarfé [Á rás fyrir Grensás, 2009] hafi verið gerð bílastæði fyrir fatlaða og yfirbyggður inngangur sem gerbreytti aðstöðunni.

„Það er verið að skoða hvernig þetta verður best gert, en við þurfum að fá meðbyr í því að klára þetta verkefni. Plássleysi er farið að há okkur verulega, til dæmis í þjálfuninni. Sömuleiðis er það þannig að við getum ekki verið með fjölbýli lengur á sólarhringsdeildinni okkar. Öryggisins vegna gengur það ekki lengur. Eins og á öðrum deildum LSH verðum við að hafa meira öryggi varðandi salernisaðstöðu, allt hreinlæti og sýkingarvarnir. Það verður breyta húsnæðinu og byggja við; fjölga herbergjum þannig að allir verði í einbýli. Það er ekkert vit í öðru,“ segir Stefán en aðeins sjö af þeim 24 sem geta dvalið á Grensás á hverjum tíma geta verið í einbýli. Jafnframt segir Stefán að fjölga þurfi rúmum að lágmarki í 28 til 30 upp á starfsemi deildarinnar til framtíðar.

**svavar@frettabladid.is**

### Viðkomustaður þeirra veikustu

- Frá opnun árið 1973 hefur endurhæfingardeildin á Grensási veitt sérhæfða endurhæfingarþjónustu þeim sem verða fyrir heilsutapi af völdum slysa eða sjúkdóma. Flestir sjúklingar koma frá öðrum deildum Landspítala.
- Verkefni Grensásdeildar eiga það öll sameiginlegt að gefa sjúklingum tækifæri til að öðlast á ný sem mest af fyrri færni og aðlagast breyttum aðstæðum. Algengustu verkefnin eru vegna heilablóðfalla, heilaskaða, mænuskaða, fjöláverka, liðskipta, alvarlegra veikinda og missis útlims.
- Starfsfólk deildarinnar vinnur í teymum þar sem sjúklingar eru virkir þátttakendur. Endurhæfing tekur til líkamlegra, sálrænna og félagslegra þátta. Sett eru markmið í upphafi meðferðar og áherslur lagaðar að þeim.

# ESTĒE LAUDER

## Kaupaukinn þinn í Hagkaup

Þessi glæsilegi kaupauki* fylgir ef keyptar eru vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 krónur eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 27. okt. – 2. nóv.

**20%**
**afsláttur af Estée Lauder vörum frá fimmtudegi til miðvikudags**






### Kaupaukinn inniheldur:

**Perfectly Clean foam Cleanser/Purifying Mask**
– froðuhreinsi, 30ml
**Advanced Night Repair**
– viðgerðardropa, 7ml
**Advanced Night Repair Eye**
– alhliða augnkrem, 5ml
**DayWear Anti – Oxidant Crème SPF15**
– dagkrem með andoxunarefnum og vörn, 15ml
**NightWear Plus, 3-Minute Detox Mask**
– maska sem afeitrar, 15ml
**Little Black Primer**
– augnháranæringu og vatnsvörn, 2.8ml
**Pure Color Envy Gloss**
– varagloss, litur tempting melon
**Fallega snyrtibuddu**

*meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

TÆKNI

# Sala snjallúra helmingast á milli ára

Markaðshlutdeild Apple Watch minnkar um þrjátíu prósentustig. Milljónum færri snjallúr seldust á þriðja ársfjórðungi 2016 samanborið við sama tímabil í fyrra. Ástæðan er sögð óljóst notagildi úranna. Snjallúr Garmin seljast hins vegar vel og eru ætluð íþróttafólki.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



„Það er orðið ljóst að snjallúr nútímans eru ekki fyrir alla,“ sagði Jitesh Ubrani, sérfræðingur hjá rannsóknafyrirtækinu IDC, í samtali við CNN Money í gær.

Sala á snjallúrum á heimsvísu dróst saman um 51,6 prósent á þriðja ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil árið 2015. Alls seldust 2,7 milljónir snjallúra á þriðja ársfjórðungi 2016 en 5,6 milljónir seldust á sama tíma 2015.

Stærstan hluta samdráttarins má rekja til minnkandi sölu á Apple Watch, snjallúri Apple, en Apple fór úr því að selja 3,9 milljónir eintaka í 1,1 milljón. Hins vegar seldi Garmin um 600 þúsund snjallúr nú samanborið við um hundrað þúsund ári áður.

Önnur kynslóð Apple Watch, Apple Watch 2, virðist ekki hafa gert mikið fyrir Apple til að rétta úr kútnum en úrið kom á markað í september.

Notagildi snjallúra Apple og Garmin er þó ólíkt. Snjallúr Garmin á borð við Vivofit eru hugsuð fyrir íþróttafólk á meðan snjallúr Apple og Samsung virka líkt og smávaxinn snjallsími.

**Ekki nýi snjallsíminn**

Ljóst er að snjallúrin, sem var ætlað að vera nýja byltingin og fylgja snjallsímanum, eru ekki að standast þær væntingar sem framleiðendur gerðu til þeirra. Til samanburðar er vert að taka fram að á öðrum ársfjórðungi þessa árs seldust 343 milljónir snjallsíma samanborið við 342 milljónir á sama tímabili 2015.

Ubrani sagði að notagildi úranna væri ekki nægilega augljóst til þess að hinn almenni neytandi hefði áhuga. Hins vegar segir hann skýringuna á söluaukningu Garmin einfalda. „Það skiptir öllu máli að notagildið sé augljóst.“

**Önnur snjalltækni á jaðrinum**

Umræða um Google Glass, snjallgleraugu Google, var lífleg á síðustu árum en gleraugun voru kynnt í apríl 2012. Ári seinna var opnað fyrir sölu gleraugnanna. Áhugi neytenda var lítill og hættu fyrirtæki smám saman að þróa snjallforrit fyrir gleraugun. Lítill áhugi og hátt verð, allt að 200 þúsund krónur, urðu til þess að Google tilkynnti að sölu gleraugnanna yrði hætt, að minnsta kosti í bili.

Gleraugu og úr er ekki eina snjalltæknin sem reynir að ryðja sér til rúms. Pebble hefur kynnt ólar fyrir snjallúr sem virka eins og greiðslukort og PetPace ólar fyrir gæludýr sem upplýsa eigandann um hjartslátt og fleiri atriði.

Enn er langt í að slík tækni verði jafn viðtekin og snjallsímar.



Tim Cook, forstjóri Apple, kynnir nýjustu útgáfu Apple Watch. NORDICPHOTOS/AFP

**Sala snjallúra minnkar**




**Markaðshlutdeild snjallúraframleiðenda**







# Risavaxinn snertiskjár og áhersla á þrívídd

Tölvurisinn Microsoft hélt sinn árlega októberviðburð í gær þar sem nýjungar fyrirtækisins voru kynntar til leiks. Þær stærstu eru nýja borðtölvan Surface Studio og ný Surface Book-fartölva sem er talsvert öflugri en fyrirrennari hennar.

Surface Studio er fyrsta borðtölva Microsoft og er hún, líkt og iMac-tölvur Apple, heildstæð tölva þar sem vélbúnaðurinn er innbyggður í skjáinn. Skjárinn, og þar með tölvan, er 28 tommur og er hann snertiskjár.

Hægt verður að notast við nýtt tæki, Surface Dial, sem er eins konar hnappur sem maður leggur á skjáinn og snýr, til að mynda til að auka aðdrátt eða snúa myndum.

Tölvan er útbúin ýmist Intel i5 eða i7 örgjörva, 4GB Nvidia GeForce skjákorti, allt að 32GB vinnsluminni og 2TB hörðum diski.

Fyrir hefðbundna notkun er einnig hægt að tengja mús og lyklaborð við tölvuna. Hún virðist sérsniðin að listamönnum og hönnuðum og kostar ódýrasta gerðin um 350 þúsund krónur í forpöntun. Sú dýrasta kostar um hálfa milljón.

Önnur kynslóð fartölvulínu Microsoft, Surface Book, mun kosta á milli 170 og 270 þúsund krónur í forpöntun. Líkt og fyrri kynslóðin er hún útbúin snertiskjá. Innvols tölvunnar er hins vegar sagt mun betra. Rafhlaðan á að endast í sextán klukkustundir og kom fram á viðburðinum í gær að hún væri þrefalt öflugri en þrettán tommu MacBook Pro. – þea

**Þrívíddaruppfærsla fyrir Windows 10**

Microsoft kynnti einnig uppfærslur fyrir Windows 10, sérstaklega ætlaðar listamönnum. Þær uppfærslur munu detta inn snemma á næsta ári notendum að kostnaðarlausu.

Á meðal nýjunga er ný útgáfa af teikniforritinu Paint sem mun gera notendum kleift að búa til þrívíddarlíkön sem hægt verður að deila á meðal annars Facebook. Til að styðja við nýja útgáfu Paint munu Windows-snjallsímar geta skannað hluti í raunheimum sem svo verður hægt að flytja inn í Paint eða nýja útgáfu glæruforritsins PowerPoint. Einnig munu notendur geta virt þrívíddarlíkönin fyrir sér, kaupi þeir þar til gerð gleraugu.

„Engin tölva afkastar jafn miklu og Surface Studio.“

Panos Panay, varaforseti Microsoft






Land Cruiser 150 er glæsilega búinn og kraftmikill bíll með ríkulegum aukabúnaði. Hann fæst nú í takmarkaðan tíma með Adventure pakka að verðmæti 750.000 kr. sem færir hann í annað veldi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis

### Svona skiptist fylgið milli flokka




### Skipting þingsæta







# Hrunið gerbreytti pólitísku landslagi

**Yrðu niðurstöður kosninga sem fram fara á laugardaginn í takt við nýja skoðanakönnun yrði það ein versta niðurstaða í sögu Sjálfstæðisflokksins. Stjórnmálaprófessor telur flokkinn þó geta vel við unað miðað við klofningsframboð og stjórnarsetu í tæp fjögur ár.**

Kosningar 2016



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

„Að öllu óbreyttu erum við að sjá ríkisstjórn með sömu flokkum og eru að stjórna borginni, ef þetta verður niðurstaða kosninga. Ég hvet fólk til að velta því fyrir sér hvort það vilji sjá það stjórnarform,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, um skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sem gerð var 24. og 25. október.

Fjórðungur þeirra sem afstöðu taka segist myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og 20 prósent nefna Pírata. VG er þriðji stærsti flokkurinn með ríflega 16 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn er með rúm 11 prósent og Viðreisn með tæp 11 prósent. Samfylkingin er með 6 prósenta fylgi og Björt framtíð er með 5,1 prósent.

Yrðu þetta niðurstöður kosninganna myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá 17 þingmenn kjörna, Píratar 14, VG 11 og Framsóknarflokkurinn og Viðreisn sjö menn hvor flokkur. Samfylkingin fengi svo fjóra menn og Björt framtíð þrjá. Það væri því ekki möguleiki á myndun tveggja flokka ríkisstjórnar.

Þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi afgerandi forskot á aðra flokka í könnuninni yrði þetta samt ein versta niðurstaða Sjálfstæðisflokksins í sögulegu samhengi. Kosningarnar 2009 skiluðu flokknum þó enn verri niðurstöðu þegar hann fékk 23,7 prósent atkvæða og 16 þingmenn kjörna.

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir þó að fái Sjálfstæðisflokkurinn um fjórðung greiddra atkvæða í kosningunum geti hann vel við unað. „Ef hann endar einhvers staðar í kringum 25 prósent þrátt fyrir klofningsframboð og að hafa setið í ríkisstjórn, þá er spurning hvort það sé ekki viðunandi niðurstaða, þrátt fyrir allt.“ Grétar bendir á að bankahrunið hafi gerbreytt stöðu Sjálfstæðisflokksins í sögulegu samhengi og rifjar upp að árið 2003 hafi flokkurinn fengið 33,7 prósent og hafi það þá þótt slæm niðurstaða.



Frambjóðendur stærstu flokkanna í Reykjavík ræddu stefnumál þeirra í útsendingu á Stöð 2 í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég held að við verðum bara að túlka fylgi Pírata sem ákall á einhverjar meiri breytingar en hafa farið fram.



Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri

Uppgangur Pírata í skoðanakönnunum er annað dæmi um það hvernig pólitískt landslag hefur gjörbreyst á síðustu árum. „Ég held að við verðum bara að túlka fylgi Pírata sem ákall á einhverjar meiri breytingar eftir hrunið en hafa farið fram,“ segir Grétar. Þrátt fyrir betri efnahag og bætta stöðu heimilanna sé kallað eftir enn frekari breytingum.

Í kosningunum 2009 fékk Samfylkingin 29,8 prósent atkvæða og varð stærsti þingflokkurinn með 20 menn á þingi. Eftir fjögur erfið ár í ríkisstjórn, strax í aðdraganda bankahrunsins, fékk Samfylkingin svo 12,9 prósent fylgi og níu þingmenn. Nú er flokkurinn með 6 prósenta fylgi og yrði næstminnsti þingflokkurinn. Samtöl hafa staðið yfir milli stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi en Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði í gær að með þetta fylgi myndi Samfylkingin ekki geta tekið þátt í ríkisstjórn. „Ekki við þessar aðstæður en við þurfum að styrkja stöðu okkar til að geta farið í slíkt samstarf.“

Niðurstaðan er því sú að það verður ekki einungis spennandi að sjá hvort niðurstöður kosninga verða í takt við það sem skoðanakannanir benda til heldur virðist allt opið varðandi stjórnarmyndunarviðræður í framhaldinu.

### Sjálfstæðisflokkurinn líka stærstur hjá MMR

Sjálfstæðisflokkurinn mælist líka stærstur flokka, með 21,9 prósenta fylgi, í nýrri könnun MMR, Píratar með 19,1 prósents fylgi og VG með 16 prósent. Framsóknarflokkurinn mældist með 10 prósent, Viðreisn með 9,3 prósent, Björt framtíð 8,8 prósent og Samfylkingin með 7,6 prósent. Aðrir flokkar fengu minna. Könnun MMR var gerð dagana 19. til 26. október og svaraði 981 einstaklingur könnuninni.

# DEBENHAMS

# 25% AFSLÁTTUR

## AF KÁPUM & ÚLPUM

*fyrir alla fjölskylduna*









**70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á HAUSTÚTSÖLU!**

GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Reykjavíkurkjördæmin í hnotskurn

Ellefu framboð bjóða fram lista í Reykjavík suður fyrir alþingiskosningar 2016 og tíu í Reykjavík norður. Hér að neðan má sjá efstu menn á hverjum lista.

## EFSTU MENN Í REYKJAVÍK SUÐUR


**Lilja Dögg Alfreðsdóttir**
Framsóknarflokki


**Ólöf Nordal**
Sjálfstæðisflokki


**Inga Sæland**
Flokki fólksins


**Össur Skarphéðinsson**
Samfylkingunni


**Ásta Guðrún Helgadóttir**
Pírötum


**Nichole Leigh Mosty**
Bjartri framtíð


**Svandís Svavarsdóttir**
Vinstri grænum


**Helga Þórðardóttir**
Dögun


**Hanna Katrín Friðriksson**
Viðreisn


**Þorvaldur Þorvaldsson**
Alþýðufylkingunni


**Júlíus Valdimarsson**
Húmanistum

Fjöldi á kjörskrá
**45.731**

Konur
**23.404**

Karlar
**22.327**

**6** af ellefu þingmönnum kjördæmisins eru konur. Þetta er eina kjördæmið þar sem konur eru í meirihluta.

Fjöldi á kjörskrá
**46.036**

Konur
**23.225**

Karlar
**22.811**

**4** af ellefu þingmönnum kjördæmisins ákváðu að draga sig í hlé fyrir komandi alþingiskosningar.

## EFTSU MENN Í REYKJAVÍK NORÐUR


**Karl Garðarsson**
Framsóknarflokki


**Guðlaugur Þór Þórðarson**
Sjálfstæðisflokki


**Magnús Þór Hafsteinsson**
Flokki fólksins


**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
Samfylkingunni


**Birgitta Jónsdóttir**
Pírötum


**Björt Ólafsdóttir**
Bjartri framtíð


**Katrín Jakobsdóttir**
Vinstri grænum


**Hólmsteinn A. Brekkan**
Dögun


**Þorsteinn Víglundsson**
Viðreisn


**Vésteinn Valgarðsson**
Alþýðufylkingunni



### Þingmenn sem hætta


**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
Sjálfstæðisflokknum


**Vigdís Hauksdóttir**
Framsóknarflokknum


**Róbert Marshall**
Bjartri framtíð

### Þingmenn sem hætta


**Illugi Gunnarsson**
Sjálfstæðisflokknum


**Frosti Sigurjónsson**
Framsóknarflokknum


**Helgi Hrafn Gunnarsson**
Pírötum

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

Jafnari skipting íslenska auðsins. Hér er helmingi minna sett í háskólana en á hinum Norðurlöndunum. Heilbrigðiskerfinu blæðir. Velferðarstefna, jöfn tækifæri, framþróun og bætt lífskjör.


Kristín Ása Einarsdóttir, viðburðastjóri Háskóla Íslands

# Tveir utanþingsráðherrar í framboði

Kosningar 2016


Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Þingmenn Reykjavíkurkjördæmanna eru samtals 22, ellefu í hvoru kjördæmi. Í megindráttum liggja mörk Reykjavíkurkjördæmanna um miðlínu Hringbrautar, Miklubrautar, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegar.

Staða Sjálfstæðisflokksins hefur í gegnum tíðina verið mjög sterk í kjördæminu og eftir alþingiskosningarnar 2013 voru fyrstu þingmenn kjördæmanna báðir Sjálfstæðismenn. Í Reykjavíkurkjördæmi norður var það Illugi Gunnarsson sem varð mennta- og menningarmálaráðherra eftir kosningar. Í Reykjavíkurkjördæmi suður var það Hanna Birna Kristjánsdóttir sem varð innanríkisráðherra eftir kosningarnar, en ákvað að láta af embætti ráðherra eftir að Gísli Freyr Valdórsson, aðstoðarmaður hennar, hafði játað trúnaðarbrot. Ólöf Nordal tók við sem utanþingsráðherra en hún skipar nú fyrsta sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Illugi og Hanna Birna ákváðu að gefa ekki kost á sér í komandi alþingiskosningum og tóku ekki þótt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Ólöf Nordal er nú í fyrsta sæti í Reykjavík suður en Guðlaugur Þór Þórðarson í Reykjavík norður. Ólöf Nordal hefur hins vegar ekki getað tekið virkan þátt í kosningabaráttunni vegna veikinda.

Ólöf Nordal er hins vegar ekki eini utanþingsráðherrann sem er í framboði í Reykjavík því Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra er í framboði í sama kjördæmi og hún. Lilja varð ráðherra eftir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vék sæti sem forsætisráðherra í apríl og verulegar breytingar voru gerðar á ráðherraskipan hjá Framsóknarflokknum.

Lilja skipar 1. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík suður. Það sæti vermdi Vigdís Hauksdóttir áður, einn litríkasti þingmaður síðari tíma. „Hætta skal hverjum leik þá hæst hann stendur – ég er stolt af verkum mínum á Alþingi – þar sem ég hef lagt allt undir fyrir land og þjóð,“ sagði Vigdís þegar hún tilkynnti að hún væri hætt eftir einungis eitt kjörtímabil.

Ellefu listar eru boðnir fram í Reykjavík suður en einungis tíu í Reykjavík norður. Ellefta framboðið er listi Húmanistaflokksins, sem einungis býður fram í þessu eina kjördæmi. Þetta er í fimmta skiptið sem flokkurinn býður fram, en hann hefur aldrei komist nærri því að ná kjörnum manni á Alþingi.

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

Nýting náttúruauðlinda verði skynsamleg og hagnaður skili sér til almennings. Að stórum gömlum málum verði lokið. Þingmenn fylgi predikun sinni og vinni af heilindum.


Daníel Sigurbjörnsson, tæknifræðingur hjá Eflu verkfræðistofu

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME



SPHAIRA KÚLULJÓS
Áður 7.990,-
NÚ 6.444,-
Stærð: 34.5 cm.



HAAG SÓFI
Áður 229.900,-
NÚ 185.414,-
Stærð: 325x143x210 cm.

## 27. OKTÓBER – 2. NÓVEMBER

# TAX FREE

## FRÍ HEIMSENDING UM ALLT LAND

ÞEGAR VERSLUÐ ERU HÚSGÖGN FYRIR 40.000 KR. EÐA MEIRA



MARSEILLE SKEMILL
áður: 25.900. NÚ: 20.888.
Stærð: 65x48xH43 cm.



HOJAI BEKKUR
Áður 19.990,- NÚ 16.122,-
Stærð: 100x30xH54 cm.

ANTON&BERGUR








PAVILLION NÁTTBORÐ
Áður 19.990,- NÚ 16.122,-
Stærð: 38x30xH67 cm.







MARINDA STÓL
Áður 39.900,- NÚ 32.179,-
Stærð: 62x71xH90 cm.





INDVERSK TEPPI
Áður 4.990,- NÚ 4.024,-
Stærð: 125x150 cm.



NÝTT
KOLDING SÓFABORÐ
Áður 79.900,- NÚ 64.439,-
Stærð: 110x71xH36 cm.





the PIER

REGINA LOVESEAT
Áður 99.900,- NÚ 80.569,-
Stærð: 130x92xH107 cm.

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880



## UMBRIA

Tungusófi XL, hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 305 × 163 × 78 cm
Aukahlutir á mynd: Hnakka- og armpúði.

**188.990 kr.** ~~269.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

# VALIN GLÖS MEÐ FRÁBÆRUM AFSLÆTTI UM HELGINA



### MARGAR GERÐIR Á AFSLÆTTI

Dæmi: Lituð glerglös frá IVV
6 stk. í kassa. Tvær stærðir

**Lítil** 4.193 kr. ~~5.990 kr.~~
**Stór** 4.753 kr. ~~6.790 kr.~~

**Lítil** 3.773 kr. ~~5.390 kr.~~
**Stór** 4.473 kr. ~~6.390 kr.~~



## PINTO

Hornsófi. 2H3 eða 3H2.
Slitsterkt áklæði, grátt eða svart.
Hátt bak og situr vel.
Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

**139.990 kr.** ~~199.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## MAGAN

Borðstofus-
tóll. Burgundi
rauður eða
grár og vengi.
Grátt og olíub.
viður.

**18.990 kr.** ~~27.990 kr.~~



**32%** AFSLÁTTUR

**50%** AFSLÁTTUR



## KENYA

Hægindastóll. Grábrúnt
slitsterkt áklæði.
Stærð: B:69 D:70 H:86 cm

**29.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

## NORA

Skemmtilegur
bekkur t.d. við
eldhúsborð eða
stakur. Svart
PU leður og
viðarfætur. Stærð:
159 x 56 x 86 cm.

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*



## RAYNA
Nettur hægindastóll með Camel-brúnu slitsterku áklæði.
Stærð: 70 × 88 × 104 cm

**29.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

**50 STK.**
**66% AFSLÁTTUR**

# HELGAR SPRENGJA



**26% AFSLÁTTUR**

## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð:
308 × 140/203 × 81 cm

**139.990 kr.** ~~189.990 kr.~~



**26% AFSLÁTTUR**

## NAPOLI
Barstóll, dökkgrár og svartur.

**18.490 kr.** ~~24.990 kr.~~



**30% AFSLÁTTUR**

## CARINA
Borðstofuborð, hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**89.990 kr.** ~~129.990 kr.~~



**26% AFSLÁTTUR**

## NAPOLI
Counterstóll, dökkgrár og svartur.

**14.990 kr.** ~~19.990 kr.~~



**70% AFSLÁTTUR**

## BELINA
Borðstofustóll.
Svartur með viðarfótum.

**5.997 kr.** ~~19.990 kr.~~



**53% AFSLÁTTUR**

## DIMA
Borðstofustóll. Hvítur með svörtum löppum.

**6.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**40% AFSLÁTTUR**

## PARIS
Borðstofustóll, rauður, svartur, dökkgrár eða hvítur með viðarfótum.

**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

## MARCUS
Borðstofustóll, grár, svartur eða hvítur með krómlöppum.

**5.990 kr.** ~~7.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

VIÐSKIPTI

# Tekjuvöxtur hjá mörgum félögum

**Hagnaður dróst saman hjá meirihluta félaga sem skiluðu uppgjöri vegna þriðja ársfjórðungs í gær. Tekjur drógust einungis saman hjá einu félagi milli ára. Hlutabréfaverð hefur fallið hjá meirihluta félaganna á síðastliðnu ári. Fjögur uppgjör eru væntanleg í dag.**

Fimm félög kynntu uppgjör þriðja ársfjórðungs í gær.

Fjórðungurinn var betri hjá Nýherja en sami ársfjórðungur í fyrra, hagnaður, tekjur og EBITDA hækkuðu. Tekjuvöxtur var 14 prósent sem var meiri en fyrripart árs. Í tilkynningu segir að reksturinn hafi verið á áætlun. Horfur í rekstri séu ágætar.

Jákvæðar fregnir eru einnig af Marel þar sem helstu vísar eru jákvæðir á fjórðungnum. Í tilkynningu segist Árni Oddur Þórðarson forstjóri ánægður með niðurstöðuna. Nálægt 15 prósenta rekstrarhagnaður er fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Langtímahorfur Marel séu góðar en til skemmri tíma litið hafi óvissa í heimsbúskapnum aukist.

Hagnaður, tekjur og EBITDA Fjarskipta, móðurfélags Vodafone, drógust saman á fjórðungnum samanborið við sama tímabil árið áður. Fram kemur í tilkynningu frá Fjarskiptum að þriðji fjórðungurinn hafi orðið fyrir áhrifum af flutningum félagsins, samkeppni og verðlækkunum á farsímamarkaði á fyrri hluta ársins. Einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála nam 50 milljónum króna. EBITDA horfur eru lækkaðar vegna skoðunar félagsins á möguleg um kaupum á ljósvaka- og fjarskiptahluta 365 og er áætlað að þær verði í kringum 3,1 milljarður fyrir árið.

Hagnaður Össurar dróst saman á milli ára. Hagnaður nam 13 milljónum dollara, jafnvirði 1.480 milljóna króna, samanborið við 14 milljónir dollara, jafnvirði 1.590 milljóna króna, árið áður. Tekjur námu 129 milljónum dollara, 14,7 milljörðum króna, á tímabilinu samanborið við 117 milljón dollara, 13,3 milljarða króna, á sama tímabili árið 2015. Í tilkynningu segir Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri að tekjuvöxtur hafi verið góður á fjórðungnum. Vegna kaupa á Medi Prosthetics er spáð enn meiri tekjuvexti á árinu, eða 8-10 prósentum, í stað 7-9 prósenta.

VÍS, eins og önnur tryggingafélög, hefur átt erfitt uppdráttar á árinu. Hagnaður á fjórðungnum sem og aðrir vísar eru neikvæðir miðað við sama tímabil árið áður. Samkvæmt afkomu fyrstu níu mánaða ársins nemur hagnaður af rekstri 592 milljónum króna, sem er 30 prósent af hagnaðinum á sama tímabili í fyrra.

Í tilkynningu segir Jakob Sigurðsson forstjóri að jákvætt sé að sjá hve mikið iðgjöld hafi aukist það sem af er ári, eftir nokkurra ára stöðnun, eða um 11,2 prósent frá sama tíma í fyrra. Gert er ráð fyrir að áfram verði ágætur vöxtur í innlendum iðgjöldum á árinu en ólíklegt er að samsett hlutfall verði í árslok lægra en það var fyrir árið 2015.

Uppgjör hinna tryggingafélaganna auk Símans og Landsbankans verða kynnt í dag. **saeunn@frettabladid.is**



### Afkoma félaganna á þriðja ársfjórðungi

| Félag | Nýherji | Marel | Össur | Vodafone | Vís |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður '16 | ▲93 | ▲2.200 | ▼1.480 | ▼391 | ▼353,8 |
| Hagnaður '15* | 82 | 1.800 | 1.590 | 502 | 570,5 |
| Tekjur '16 | ▲3.400 | ▲29.000 | ▲14692 | 3.443 | ▼5.062 |
| Tekjur '15* | 3019 | 23.500 | 13.325 | 3433 | 5.099 |
| EBITDA '16 | ▲247 (7,2%) | ▲5.200 (17,7%) | ▼2733 | ▼927 (26,9%) | |
| EBITDA '15 | 240 (8%) | 3.700 | 2.850 | 1.026 (29,9%) | |
| Hlutabréfaverð 26.10.16 | ▲16,75 | ▲249,5 | ▼402 | ▼46,48 | ▼8,76 |
| Hlutabréfaverð 26.10.15 | 13,07 | 223,5 | 455 | 49,99 | 9,73 |

* miðað við núverandi gengi erlendra gjaldmiðla






**Gangi áætlanir eftir verður búið að greiða út um 60 milljarða úr Framtakssjóði um áramótin.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Greiða út 26,9 milljarða úr Framtakssjóði

Í gær var samþykkt á hluthafafundi Framtakssjóðs Íslands að greiða út í formi arðs og með lækkun hlutafjár alls 26,9 milljarða króna fyrir lok árs. Gangi þessar áætlanir eftir mun sjóðurinn um áramót hafa greitt út rúmlega 60 milljarða króna til hluthafa.

Á fundinum var samþykkt að greiða út arð úr félaginu að fjárhæð 2 milljarðar króna. Einnig var lagt til að hlutafé félagsins yrði lækkað að nafnvirði 11,6 milljóna með greiðslu til hluthafa á genginu 1.000 verður annars vegar greitt út með reiðufé og hins vegar með hlutum að nafnverði 4,56 milljóna í Black Rock Developed World Index Sub-Fund. Stefnt er að því að greiða lækkunina til hluthafa fyrir árslok 2016.

„Það er mjög ánægjulegt að geta skilað fjárfestingunni með þessum hætti til endanlegra eigenda,“ segir Herdís Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins. „Ég held að þetta sé með því betra sem við höfum séð hér heima á Íslandi, því bæði er komin reynsla af kaupum og sölu og það er farið að skila sér,“ segir Herdís.

Framtakssjóður Íslands var stofnaður árið 2009 af 16 lífeyrissjóðum.

> **Það er mjög ánægjulegt að geta skilað fjárfestingunni með þessum hætti til endanlegra eigenda.**
>
> Herdís Fjeldsted, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs



**2**

**milljarðar króna verða greiddir út í arð.**

Framtakssjóður er í eigu þeirra, Landsbankans og VÍS. Frá stofnun hefur sjóðurinn fjárfest fyrir 43,3 milljarða. Því er ljóst að töluverð ávöxtun hefur orðið á fjárfestingum hans.

Sjóðurinn er með starfsleyfi fram til ársins 2019 og með framlengingarmöguleika fram til 2021. „En hvenær sjóðurinn hættir er ekki ljóst það er bara á næstu misserum,“ segir Herdís. **– sg**




# Á AUSTUR-INDÍAFJELAGINU

20.OKTÓBER - 20.NÓVEMBER

## FIMM RÉTTA HÁTÍÐARMATSEÐILL

6.990 kr.

### FORRÉTTUR

**Hörpuskel Cafreal**
Pönnusteikt hörpuskel frá Breiðafirði með engifer, hvítlauk, kóríander og karrílaufum.

### AÐALRÉTTIR

**Gosht Boti Kebab**
Tandoori grillað lambafillet. Marinerað í kanil, kardimommum, negul og chili.

&

**Peshawari Murg Tikka**
Grillaðir kjúklingabringubitar úr tandoori ofninum. Marinerað í engifer, hvítlauk, kúmen og kewra-vatni.

&

**Aloo Dum Jeera**
Hægeldaðar kartöflur í ríkulegri sósu með tómötum, kúmenfræjum og garam masala.

*Borið fram með Basmati hrísgrjónum, raitha jógúrtsósu og hvítlauks naan.*

### EFTIRRÉTTUR

**Mangó og engifer crème brûlée**

**BORÐAPANTANIR: 552-1630**
**HVERFISGÖTU 56, 101 RVK**

AUSTURINDIA.IS

**OPNUNARTÍMI:**
**SUN-FIM 17:30 - 22:00**
**FÖS-LAU 17:30 - 23:00**

# Forsendan sem trompar allt



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það er erfitt að vera kjósandi því margir stjórnmálamenn umgangast sannleikann af léttúð. Þess vegna þarf fólk að reiða sig á eitthvað annað en loforð. Það þarf að treysta innsæi sínu og dómgreind og tækjum sem við höfum til að mæla árangur.

Fæstir hafa nægan tíma til að setja sig svo vel inn í stefnumál flokkanna að þeir geti tekið heildstæða vel upplýsta ákvörðun. Lýðræði er hins vegar besta fyrirkomulagið sem við höfum og það er ekki sjálfgefið. Við eigum að vera þakklát fyrir atkvæðisréttinn. Það er ekki valkostur að sitja heima og ekki heldur að skila auðu, þótt það sé skárra en sniðganga. Best er að hver og einn láti ekki áreiti í nærumhverfi hafa áhrif og taki sínar eigin ákvarðanir byggðar á eigin upplýsingum og brjóstviti. Það er gríðarlega mikilvægt að menn láti ekki vini sína eða fjölskyldumeðlimi hafa áhrif á hvað þeir ætla að kjósa. Og að spyrja hvað fólk kýs er á jaðri þess að vera jafn taktlaust og að ræða mismunandi áherslur trúarbragða í fermingarveislu.

Hvaða mælikvarða eigum við að leggja til grundvallar þegar við gerum upp hug okkar? Kjósendur verðlauna ekki árangur en eitt af því sem við getum stuðst við þegar við metum gæði lífs á Íslandi er viðurkennd tölfræði um hvar Ísland stendur í samfélagi þjóðanna. Við erum fjórða besta land í heimi samkvæmt Social Progress Index, vísitölu sem mælir gæði innviða. Ginistuðullinn sem mælir jöfnuð er núna 0,25 á Íslandi sem er þriðji mesti jöfnuður ríkis meðal OECD-ríkjanna. Hamingjustuðullinn er 9,6 stig af 10 sem skilar Íslandi í annað sætið innan OECD. Skipta þessar tölur máli?

Flest venjulegt fólk verður syfjað þegar það heyrir setningar eins og „ábyrg stefna í ríkisfjármálum“. Ástæðan er sú að fólk á bara fullt í fangi með sitt daglega líf og hefur ómögulega tíma til að setja sig inn í hugtök eins og frumjöfnuð, slaka og ruðningsáhrif. Þetta eru líka hagfræðihugtök sem skapa gjá í opinberri umræðu milli sérfræðinganna sem tala á bransatungumáli sín á milli annars vegar og venjulegs fólks hins vegar. Að þessu sögðu er samt mikilvægt að hafa hugfast að ríkisfjármálin eru upphaf og endir alls. Kjósendur verða að hafa á bak við eyrað að stærsta velferðarmálið er góður rekstur ríkisins því þá er hægt að verja fé til verkefna til að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.

**Kjósendur verða að hafa á bak við eyrað að stærsta velferðarmálið er góður rekstur ríkisins því þá er hægt að verja fé til verkefna til að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.**

Stjórnarskráin okkar leggur þær skyldur á herðar ríkisvaldsins að tryggja öllum aðstoð. Staðan hjá ríkissjóði er viðkvæm núna en á síðustu árum, bæði hjá núverandi og síðustu ríkisstjórn, hefur tíma og aflsmunum verið varið í að bæta þessa stöðu svo stjórnvöld geti í fyllingu tímans aukið útgjöld til brýnna velferðarmála og heilbrigðiskerfisins og efnt skyldur sínar samkvæmt stjórnarskránni. 86.500 manns eru búin að krefjast þess á endurreisn.is svo stjórnmálamennirnir hafa ekki val.

Að þessu sögðu er gríðarlega mikilvægt að hver og einn taki sínar eigin ákvarðanir, treysti eigin dómgreind og láti ekki þennan leiðara hafa áhrif á sig.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Ótímabærar viðræður**

**Lungann úr þessu kjörtímabili hafa skoðanakannanir bent til þess að Björt framtíð fengi enga þingmenn kjörna í alþingiskosningum. Með ákvörðun þingmanna flokksins um að berjast með hagsmunum almennings og gegn sérhagsmunum sem varðir eru í búvörusamningum óx þeim ásmegin. Flokkurinn hafði skapað sér sérstöðuna sem hann skorti frá upphafi. Með ákvörðun um að hefja viðræður, fyrir kosningar, um framtíðarsamstarf við vinstri flokkana var tekin U-beygja. Könnun Fréttablaðsins bendir til að kjósendur refsi flokknum fyrir ákvörðun sína. Stundum er betur heima setið en af stað farið.**

**Trúnaðarbresturinn**

**Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn stæra sig af blómlegu efnahagslífi í þeirri kosningabaráttu sem nú stendur yfir. Meirihluti þeirra á Alþingi er hins vegar löngu fallinn. Sjálfstæðisflokkurinn mun lækka lítillega og fær slæma útreið í sögulegu samhengi. Á sama tíma tapar Framsóknarflokkurinn meira en helmingi fylgis sins. Þjóðin hefur náð sér á strik efnahagslega eftir hrunið. Það nægir kjósendum ekki þegar enn á eftir að byggja upp það traust sem hvarf í hruninu. Það er ástæða þess að Píratar munu vinna sögulega sigur á kjördag, með því að fjórfalda fylgi sitt.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Forgangsmál – staða eldri borgara



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins

Málefni aldraðra standa upp úr í þessari kosningabaráttu. Ég hef farið víða í kosningabaráttunni, gengið í hús í Breiðholtinu og fundað út um allan bæ. Málefni eldri borgara koma upp í nánast öllum samtölum. Hvort sem það tengist lífeyrismálum, húsnæðismálum eða heilbrigðisþjónustu. Frásagnir fjölda fólks hafa komið við mig. Það hefur opnað augu mín enn frekar fyrir því að stærsta mál þessara kosninga eru þeir málaflokkar sem snúa að öldruðum.

Eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að leiðrétta þá skerðingu sem eldri borgarar höfðu orðið fyrir. Lífeyrisréttindi hafa einnig verið aukin og margt hefur áunnist á kjörtímabilinu. Þessar breytingar sem kynntar voru nýverið leiða til mikillar hækkunar á bótum almannatrygginga á næstu tveimur árum. Til dæmis munu bætur eldri borgara sem býr einn og hefur engar aðrar tekjur hækka um 22% á næstu tveimur árum. Hins vegar er það svo að fjöldi fólks býr við bág kjör og kvíðir framtíðinni. Þetta er sorglegt og sér í lagi þar sem þetta er fólkið sem hefur byggt landið okkar upp og veitt okkur þeim sem yngri eru tækifæri sem þau gátu ekki látið sig dreyma um.

**Eitt fyrsta verk ríkisstjórnarinnar var að leiðrétta þá skerðingu sem eldri borgarar höfðu orðið fyrir.**

Á þessu kjörtímabili voru stóru málin leiðrétting húsnæðislána og losun fjármagnshafta. Í báðum tilfellum var lagt upp með vel skilgreind markmið og áætlun teiknuð upp um hvernig væri hægt að ná þeim. Ég legg til að sama aðferðafræði verði viðhöfð til að ná mun betur utan um stöðu eldri borgara. Ég legg til að okkar helstu sérfræðingar í þessum málaflokki verði kallaðir til verks með það að markmiði að bæta stöðu eldri borgara. Í fyrsta lagi þarf að auka kaupmátt þeirra sem verst standa, í öðru lagi þarf að fara með skipulegri hætti í húsnæðismál aldraðra, og í þriðja lagi þarf að halda áfram að auka fé í hjúkrunarrými. Allt þetta er gerlegt ef viljinn er fyrir hendi. Ég hef viljann og mun beita mér fyrir því á næsta kjörtímabili, að þessi mál fái þá athygli sem nauðsynleg er.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lýðræði gegn forréttindum

## Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Allar götur frá stríðslokum 1945 til ársins 1990 voru lýðræðisríki heimsins færri en einræðisríkin. Þetta voru ár kalda stríðsins þar sem lýðræðisríki og einræðisríki tókust á um hugi og hjörtu heimsbyggðarinnar og um yfirráð og veitti ýmsum betur. Taflið snerist við þegar Sovétríkin hrundu um 1990. Lýðræðisríkjum tók þá að fjölga hratt.

Staðan er þessi: Lýðræðisríkin í heiminum eru nú tæplega 100 en voru um 50 árið 1989. Einræðisríkin eru um 20 talsins en voru um 50 árið 1989. Fáræðisríkin sem liggja einhvers staðar mitt á milli einræðis og lýðræðis skv. flokkun stjórnmálafræðinga eru nú rösklega 50 líkt og 1989. Frá 2010 hefur einræðisríkjum haldið áfram að fækka. Fáræðisríkjum hefur fjölgað að sama skapi. Fjöldi lýðræðisríkja hefur því staðið í stað frá 2010.

### Svo bregðast krosstré

Lýðræði á nú í vök að verjast að lokinni tveggja áratuga sigurgöngu um heiminn 1990-2010. Þróun stjórnmála í Rússlandi og flestum suðurríkjum Sovétríkjanna sálugu eftir fall kommúnismans hefur t.d. valdið vonbrigðum, einkum þeim sem héldu að Rússar og nágrannar þeirra í suðri myndu líkt og Eystrasaltsríkin taka upp lýðræði auk markaðsbúskapar eftir 1990. Nú sjá menn að lýðræði þar eystra lætur á sér standa.

Við bætist að markaðsbúskapur í okkar heimshluta nýtur nú ekki lengur sama trausts og sömu viðurkenningar og hann gerði áður þar eð bankahremmingar síðustu ára hafa grafið undan tiltrú almennings. Kapítalistar komu óorði á kapítalismann. Aukinn ójöfnuður lagðist á sömu sveif. Og nú hefur það bætzt við að lýðræði á undir högg að sækja jafnvel þar sem sízt skyldi – í sjálfum Bandaríkjunum, brjóstvörn lýðræðisins frá stríðslokum 1945.

Tölur Gallups um traust tala skýru máli. Engin samfélagsstofnun í Bandaríkjunum nýtur nú minna trausts en þingið í Washington og hefur svo verið samfleytt frá 2010. Aðeins 9% Bandaríkjamanna treysta nú þinginu (var 42% 1973). Þetta þarf ekki að vera svona eins og sjá má af því að 73% Bandaríkjamanna segjast treysta hernum. Röskur þriðjungur Bandaríkjamanna (36%) treystir Hæstarétti (var 49% 1975) og 36% treysta forsetanum (var 52% 1975). Þverrandi traust hefur tærandi áhrif á samfélagið og smitar út frá sér. Samfélagslímið losnar.

Nýlega birti Alan Krueger prófessor í Princeton-háskóla, fv. efnahagsráðgjafi Baracks Obama forseta, rannsókn þar sem fram kemur að níundi hver bandarískur karlmaður (11%) á aldrinum 24-54 ára hefur gefizt upp við að leita sér að vinnu og er þessi hópur því ekki skráður meðal atvinnulausra. Næstum helmingur þessa hóps tekur verkjastillandi lyf að staðaldri. Þetta var ekki svona.

### Laskað lýðræði

Bandaríkin fá ekki lengur hæstu einkunn fyrir frelsi og lýðræði hjá Freedom House sem kortleggur lýðræði um heiminn. Lawrence Lessig,

**Það er álitshnekkir fyrir Bandaríkin að Freedom House gefur landinu ekki lengur hæstu einkunn fyrir frelsi og lýðræði. Hætt er við að einkunn Íslands muni einnig falla, og þá um leið álit Íslands meðal annarra þjóða, nema Alþingi staðfesti nýju stjórnarskrána eftir kosningar svo sem Píratar og a.m.k. þrjú önnur framboð leggja þunga áherzlu á. Kjósendur hafa málið nú í hendi sinni.**

lagaprófessor í Harvard-háskóla, lýsti vandanum vel í fyrirlestri í hátíðasal Háskóla Íslands fyrr í vikunni. Fjársterkir aðilar hafa mikil áhrif á val frambjóðenda flokkanna, einkum eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna ruddi úr vegi hamlandi lögum um hámarksframlög til stjórnmálastarfsemi 2010. Bandarískir þingmenn neyðast til að hegða sér eins og keyptir þjónar styrkveitenda. Tveir af hverjum 10.000 Bandaríkjamönnum veita stjórnmálamönnum umtalsverða fjárstyrki. Kjósendur fá því aðeins að velja á milli frambjóðenda sem fáeinir auðmenn hafa í reyndinni stillt upp. Aðrir frambjóðendur koma ekki til álita. Fólkið fær að kjósa, já, en forréttindastéttin velur frambjóðendurna. Þannig var þetta einnig í Sovétríkjunum, og þannig er þetta í Íran þar sem klerkarnir velja frambjóðendur og í Hong Kong þar sem kommúnistastjórnin í Beijing velur frambjóðendur eins og Lessig lýsti í fyrirlestri sínum. Jane Mayer, blaðamaður á New Yorker, kortleggur vandann í nýrri bók, Dark Money.

### Við sama borð

Frjálsar kosningar tryggja ekki óskorað lýðræði ef forréttindahópar ráða vali frambjóðenda. Styrmir Gunnarsson, fv. ritstjóri Morgunblaðsins, lýsti vandanum vel þegar hann sagði að það „jafngilti pólitísku sjálfsmorði að rísa upp gegn handhafa kvóta á landsbyggðinni“ (Umsátrið, bls. 206). Í þessu ljósi þarf að skoða andstöðu t.d. Morgunblaðsins nú gegn staðfestingu nýju stjórnarskrárinnar sem kveður á um afnám ýmissa forréttinda, m.a. með ákvæðum um auðlindir í þjóðareigu og jafnt vægi atkvæða sem yfirgnæfandi hluti kjósenda lýsti stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Við þurfum öll að fá að sitja við sama borð.

Það er álitshnekkir fyrir Bandaríkin að Freedom House gefur landinu ekki lengur hæstu einkunn fyrir frelsi og lýðræði. Hætt er við að einkunn Íslands muni einnig falla, og þá um leið álit Íslands meðal annarra þjóða, nema Alþingi staðfesti nýju stjórnarskrána eftir kosningar svo sem Píratar og a.m.k. þrjú önnur framboð leggja þunga áherzlu á. Kjósendur hafa málið nú í hendi sinni.

# Íhaldið breytir kerfinu



Hildur Sverrisdóttir
frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins

Ég hef heyrt ýmsa fullyrða að undir stjórn Sjálfstæðisflokksins verði engar kerfisbreytingar gerðar; flokkurinn standi fyrir íhald og kyrrstöðu. Þetta þykir mér undarlegur málflutningur.

Sjálfstæðisflokkurinn er vissulega íhaldssamur að því leytinu að við viljum ekki kollvarpa því sem virkar í grundvallaratriðum – þótt við séum alltaf til í að betrumbæta og fínstilla.

Við viljum ekki kollsteypur í ríkisfjármálum eða hagstjórn þegar ríkissjóður er loksins rekinn með afgangi og allar hagtölur sýna að við erum á réttri leið.

Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki kollvarpa fiskveiðikerfi sem er einstakt á heimsvísu og hefur stuðlað að því að sjávarútvegurinn er sjálfbær og arðbær atvinnugrein sem stendur beint og óbeint undir stórum hluta velferðar okkar.

Við viljum heldur ekki neina kollsteypu með stjórnarskrána, sem myndi að öllum líkindum leiða af sér áratuga réttaróvissu, þótt við teljum rétt að gera afmarkaðar og tímabærar breytingar á stjórnarskránni í pólitískri sátt.

Á kjörtímabilinu hafa hins vegar verið gerðar gífurlega mikilvægar kerfisbreytingar undir forystu Sjálfstæðisflokksins.

Við styttum til að mynda framhaldsskólanám og stigum þannig mikilvægt skref til þess að nýta betur fé skattgreiðenda, tíma og

**Við beittum okkur fyrir grundvallarbreytingum á námslánakerfinu, sem hefðu bætt kjör alls þorra námsmanna, hefði stjórnarandstaðan ekki stoppað þær í þinginu.**

hæfileika ungs fólks. Aukin framleiðni í menntakerfinu og hagkerfinu almennt er forsenda þess að við getum áfram staðið undir velferðinni þótt árið 2050 verði helmingi færri vinnandi hendur á hvern aldraðan en í dag.

### Grundvallarbreytingar

Við beittum okkur fyrir grundvallarbreytingum á námslánakerfinu, sem hefðu bætt kjör alls þorra námsmanna, hefði stjórnarandstaðan ekki stoppað þær í þinginu. Sjálfstæðisflokkurinn beitti sér fyrir breiðri sátt um breytingar á lífeyriskerfi landsmanna, sem ætti að geta tryggt að allir landsmenn búi við sjálfbært, fullfjármagnað lífeyriskerfi. Við vorum reiðubúin til þess að taka á gífurlegum uppsöfnuðum vanda í lífeyriskerfi opinberra starfsmanna – og höfðum komið ríkissjóði í þá stöðu að geta það.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur þannig sýnt að hann veigrar sér ekki við að ráðast í grundvallarkerfisbreytingar. Ekki ef þær eru einungis breytingar breytinganna vegna af einhverjum óskilgreindum ástæðum með ófyrirsjáanlegum afleiðinum, heldur ef við erum viss um að þær breytingar séu til góðs fyrir land og þjóð og stuðli að framförum og velferð til framtíðar.

Krabbameinsfélagið
BLEIKASLAUFAN.IS

ER ÞETTA BARA ÉG?

SÍÐKOMNAR AFLEIÐINGAR MEÐFERÐAR

Málþing um brjóstakrabbamein verður að Skógarhlíð 8 mánudaginn **24. október kl. 17:00–18:45** á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpar kvenna, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

DAGSKRÁ

**Setning**
Sigrún Gunnarsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands

**Side effects after cancer – how you move on**
Josina Bergsøe rithöfundur

**Síðbúnir fylgikvillar eftir krabbameinslyfjameðferð**
Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir

**Gildi eftirlits varðandi aukaverkanir af andhormónum**
Þóra Þórsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Krabbamein í æsku – eftirfylgd út lífið**
Vigdís Hrönn Viggósdóttir hjúkrunarfræðingur

**Reynslusaga: Hégómi eða lífsgæði?**
Dóróthea Jónsdóttir

**Umræður**

**Fundarstjóri:** Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir**

**Stuðningsaðilar:**
ESTĒE LAUDER Pfizer Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
BLEIKA SLAUFAN

# Það varð alvarlegt bílslys!




Guðlaugur Þór Þórðarson
Vilhjálmur Árnason
alþingismenn

Hver kannast ekki við fyrirsögn af þessum toga? Hún vekur ótta og kvíða hjá flestum og fólk veigrar sér við að lesa fréttina sem fylgir af ótta við að þekkja þann eða þá sem hún fjallar um. Váfréttir í þessum dúr eru því miður alltof algengar. Um 200 einstaklingar slasast alvarlega, eða láta lífið, á hverju einasta ári.

Þetta eru slys sem skilja eftir sig mikinn harmleik í samfélaginu og skilja oft á tíðum ungt og efnilegt fólk eftir örkumla eða það kveður heiminn langt fyrir aldur fram. Þá leggja svona slys gríðarlegt álag á heilbrigðiskerfið og kosta samfélagið okkar um það bil 50 milljarða á ári. Eftir stendur því stóra spurningin, þarf þetta raunverulega að vera svona?

**Lausnirnar eru til staðar**
Við búum svo vel á Íslandi að eiga til mikið af gögnum um slys og ástæður þeirra, ástand vegakerfisins o.s.frv. Þá eru til alþjóðleg kerfi eins og Eurotrap, Vita og fleiri sem vinna með þau gögn sem við eigum. Með því að móta skýra stefnu og setja sér markmið er hægt að nýta þessi gögn til að útrýma umferðarslysum.

**Stefnum á 5 stjörnur**
Við eigum því að setja okkur þá stefnu að hér á landi verði 5 stjörnu bílar, 5 stjörnu ökumenn og 5 stjörnu vegakerfi.

Öruggari bílar, svokallaðir 5 stjörnu bílar, eru komnir til sögunnar. Koma þeirra á markaðinn hefur orðið til þess að líkurnar á því að ökumenn og farþegar bifreiða lifi af umferðaróhöpp hafa aukist, auk þess sem hættan á að þeir slasist alvarlega hefur minnkað. Orsök rúmlega 90% umferðarslysa má rekja til mannlegra mistaka. Það er hægt að ná góðum árangri í að gera fólk að 5 stjörnu ökumönnum með auknu eftirliti lögreglu og öflugri umferðarfræðslu. Mikilvægt er þó að vegirnir séu einnig 5 stjörnu svo hægt sé draga úr mistökum ökumanna og lágmarka skaðann þegar þau eiga sér stað.

**Góðar fyrirmyndir**
Í dag eru þrjú lönd til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Svíþjóð hefur sett sér markmið um að 75% ferða verði á öruggum vegum árið 2020. Holland segir lágmark 3 stjörnur á helstu vegum fyrir 2020 og Nýja-Sjáland vill 4 stjörnur fyrir alla þjóðfélagslega mikilvæga vegi. Þess má geta að Alþjóðabankinn lánar ekki til vegaframkvæmda nema hönnun vegarins uppfylli 3 stjörnu markmið.



**Leggjum okkar af mörkum til að draga úr váfréttunum og komum Íslandi á rétta leið í umferðaröryggi.**

**Fækkum váfréttunum**
Við leggjum því til að í fyrsta áfanga verði byrjað á að bregðast við á slysamestu og áhættusömustu vegum landsins með nauðsynlegum endurbótum; að stefna verði sett um að allir vegir með umferð upp á 10.000 bíla eða meira á dag verði 5 stjörnu og að vegir með 5 til 10 þúsund bíla verði 4 stjörnu vegir. Þannig myndum við á skömmum tíma fækka alvarlegum umferðarslysum um helming. Leggjum okkar af mörkum til að draga úr váfréttunum og komum Íslandi á rétta leið í umferðaröryggi. Setjum X við D.

# Stærsta kosningaloforðið svikið!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Stjórnarflokkarnir hafa enn ekki efnt stærsta kosningaloforðið, sem þeir gáfu öldruðum og öryrkjum fyrir kosningarnar 2013 nú þegar komið er að kosningum 2016. Hvað var stærsta kosningaloforðið? Jú, báðir stjórnarflokkarnir lofuðu að leiðrétta lífeyri aldraðra vegna kjaragliðnunar krepputímans. Til þess að standa við þetta loforð þarf að hækka lífeyrinn um 23% eða um 56.580 kr. á mánuði fyrir skatt.

Það er athyglisvert, að þessi hækkun, efndir á þessu loforði, er nákvæmlega sú hækkun, sem ríkisstjórnin lofar nú að komi til framkvæmda árið 2018. Samkvæmt kosningaloforðinu á hún að koma til framkvæmda strax og í rauninni átti hún að koma til framkvæmda strax eftir kosningar 2013 sbr. loforð Sjálfstæðisflokksins. Þessi dráttur á framkvæmd loforðsins hefur kostað aldraða og öryrkja tugi milljarða kr.

Allt bendir til þess, að það hafi aldrei verið ætlun Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að efna þetta stóra kosningaloforð. Svo virðist sem það hafi átt að blekkja kjósendur. Engin leið er að vita hvað margir kusu stjórnarflokkana út á þetta loforð. Þeir geta verið margir. Ef til vill hefur þetta loforð komið stjórnarflokkunum til valda. Athyglisvert er, að stjórnarflokkarnir hafa aldrei minnst á þetta loforð eftir að þeir komust til valda.

En stjórnarflokkarnir gáfu fleiri loforð fyrir kosningar 2013. Þeir lofuðu að afturkalla alla kjaraskerðingu aldraðra og öryrkja frá árinu 2009. Þar var um 6 atriði að ræða. 3 voru afturkölluð en hin 3 hafa ekki verið afturkölluð enn.

Auk þess gaf Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mjög stórt kosningaloforð til aldraðra. Hann lofaði að afnema allar tekjutengingar lífeyris aldraðra hjá almannatryggingum. Hann hefur ekki staðið við það.

Ríkisstjórnin leiðrétti útreikning grunnlífeyris en fyrri ríkisstjórn hafði skert hann hjá þeim, sem höfðu mjög háan lífeyri úr lífeyrissjóði. Grunnlífeyrir féll niður hjá þeim, sem voru með 332 þúsund kr. og meira á mánuði úr lífeyrissjóði. Þetta var fært til fyrra horfs. Það hrökk skammt til þess að afnema tekjutengingar vegna lífeyris aldraðra. Skerðingar lífeyris voru einnig miklar vegna atvinnutekna og fjármagnstekna. Samkvæmt loforðinu átti af afnema allar skerðingar. Það loforð var ekki uppfyllt.

Ný lög um almannatryggingar, sem samþykkt voru á Alþingi, veita hvergi nærri nægar kjarabætur. Aldraðir í hjónabandi, sem eingöngu hafa lífeyri frá TR, eiga að fá 195 þúsund á mánuði eftir skatt 2017. Þetta er svo lágt, að það er til skammar. Einhleypir eldri borgarar í sömu stöðu eiga að fá 227 þúsund kr. á mánuði eftir skatt; einnig skammarlega lágt. En ríkisstjórnin taldi þetta gífurlega mikla hækkun!

**Allt bendir til þess, að það hafi aldrei verið ætlun Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að efna þetta stóra kosningaloforð. Svo virðist sem það hafi átt að blekkja kjósendur.**

# Um eyðileggingu stjórnarskrárinnar



Ragnar Aðalsteinsson
hæstaréttarlögmaður

Í leiðara Fréttablaðsins 25. október sl. undir fyrirsögninni „Eyðilegging“ er því haldið fram að öfl í landinu vilji kollvarpa stjórnarskránni og þar með eyðileggja hana. Jafnframt er ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur gagnrýnd fyrir að hafa með aðgerða- og afstöðuleysi komið í veg fyrir að Alþingi tækist að ljúka gerð frumvarps til breytinga á stjórnarskránni á síðasta kjörtímabili. Ekki verða þessi orð leiðarans skilin öðruvísi en svo, að verið sé að gagnrýna stjórn Jóhönnu fyrir að hafa ekki tekist að koma frumvarpi að nýrri stjórnarskrá á grundvelli tillagna Stjórnlagaráðs frá 2011 gegnum Alþingi. Það er vissulega gagnrýnisvert ekki síst í ljósi þess að tveir þriðju hlutar kjósenda tóku þá afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu, að Alþingi skyldi samþykkja endurskoðaða stjórnarskrá, sem grundvölluð væri á tillögum Stjórnlagaráðs. Í þessari afstöðu kjósenda felst að leggja skuli til grundvallar efnisatriði, lausnir og gildi þau sem sett voru fram í texta Stjórnlagaráðs, en einungis gera það sem kalla mætti tæknilegar breytingar á tillögunum svo sem í því skyni að samræma hugtakanotkun og útiloka innri mótsagnir.

Tillögur stjórnlagaráðs eru ekki byltingakenndar, þvert á það sem gefið er í skyn í fyrrnefndum leiðara. Þar sem lengst er gengið er lagt til að auka þátttökulýðræði með aðkomu almennings að mikilvægum ákvörðunum, en þó með talsverðum takmörkunum. Leitast er við að skýra stöðu og vald forseta lýðveldisins, þar sem ákvæðin um forsetann í núgildandi stjórnarskrá eru óskýr og taka mið af konungsstjórn en ekki lýðveldi. Í tillögunum er einnig að finna ný ákvæði um náttúru og auðlindir landsins, en óvissa og ágreiningur hefur ríkt um þau efni langtímum saman. Þá hefur kaflinn um mannréttindi verið endurskoðaður til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar landsins og alþjóðlega þróun á því sviði, en endurskoðun mannréttindakaflans frá 1995 er ekki lengur fullnægjandi. Þrátt fyrir framangreindar breytingatillögur er að meginstefnu byggt á núgildandi stjórnarskrá en lagt til að ákvæðin verði skýrari og skiljanlegri hverjum manni og þurfi síður að bera túlkun ákvæða hennar undir dómstóla. Með því verður hún ekki aðeins lýðræðislegri; heldur einnig okkar stjórnarskrá.

Þegar við höfum fengið stjórnarskrá byggða á tillögum Stjórnlagaráðs mun dómstólum reynast auðveldari leikur en nú að túlka og skýra ákvæði hennar, bæði vegna skýrleikans og þeirra gilda sem rakin eru í inngangi að stjórnarskrártillögunum, en ákvæði þessi eru til þess fallin að veita dómstólum leiðbeiningar um það af hvaða gildum skuli taka mið við túlkun efnisákvæða stjórnarskrárinnar.

**Uppbygging en ekki eyðilegging**
Höfundur leiðarans virðist vera þeirrar skoðunar að dómstólum sé betur treystandi en handhafa fullveldisins, fólkinu í landinu, til að ákveða hver skuli vera grundvallarréttindi þeirra, sem hér búa. Máli sínu til stuðnings vísar hann til dóms Hæstaréttar í öryrkjamáli hinu fyrra. Sú réttarbót fékkst vegna þess að Öryrkjabandalagið laut framsækinni forystu, sem leit svo á að kjör öryrkja yrðu helst bætt með því að beita fyrir sig innlendum og alþjóðlegum mannréttindaákvæðum í stað þess að vera í sífelldum samningum við stjórnvöld. Í máli þessu hafði Öryrkjabandalagið sigur, en þó nauman sigur þar sem tveir af fimm dómurum réttarins voru andvígir því að dómstólar veittu félagslegum réttindum brautargengi, jafnvel þótt þau nytu verndar í stjórnarskrá. Þá virðist leiðarahöfundur ekki hafa í huga að hvorki Hæstiréttur né aðrir dómstólar velja sér mál til að dæma. Jafnvel framsækinn Hæstiréttur getur ekki haft nein áhrif á réttindaþróunina nema að svo miklu leyti sem baráttuglaðir og öflugir aðilar leiti sér lögmanns og láti reyna á réttindi sín fyrir dómstólum með öllum þeim tíma og kostnaði sem því fylgir. Jafnvel þá eru hendur dómstólsins bundnar af kröfum og röksemdum aðilanna. Dómstólar ráða því ekki við það hlutverk sem leiðarahöfundur ætlar þeim, nema að mjög takmörkuðu leyti.

Niðurstaða mín er því sú að fólkið í landinu eigi ekki aðeins rétt á því að setja sér sína eigin stjórnarskrá þar sem kveðið er á um hversu mikið af fullveldi sínu hún er reiðubúin að framselja Alþingi, ríkisstjórn og dómstólum heldur og hvaða takmörk hún setur þessum valdhöfum einkum með ákvæðum um mannréttindi.

Ný stjórnarskrá grundvölluð á tillögum Stjórnlagaráðs er uppbygging en ekki eyðilegging.

**Höfundur leiðarans virðist vera þeirrar skoðunar að dómstólum sé betur treystandi en handhafa fullveldisins, fólkinu í landinu, til að ákveða hver skuli vera grundvallarréttindi þeirra, sem hér búa.**

27. okt.–6. nóv.

# KOMBÓTILBOÐ

# BAJA

**799 KR.**

*kjúklingur og beikon*

+ 0,5 l Pepsi og KitKat






Þú velur bát,
vefju eða salat



quiznos.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 164298

olís

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:**
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

**LANDSBYGGÐIN:**
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU

Quiznos

# Kaupum ekki köttinn í sekknum



Katrín Olga Jóhannesdóttir
formaður Viðskiptaráðs

**Það eiga allir að spyrna fæti við óábyrgum loforðum stjórnmálamanna. Ef ekki er staðið við þau flokkast þau undir blekkingar. Ef staðið er við óskynsamleg loforð ganga núverandi kynslóðir á hagsmuni þeirra sem taka við.**

Flestir stjórnmálamenn gefa kosningaloforð. Það er eðlilegur hluti kosningabaráttu og gefur kjósendum mynd af stefnu og forgangsröðun ólíkra flokka. Aftur á móti er engum greiði gerður með innstæðulausum eða vanhugsuðum loforðum. Stjórnmálaöfl með slík loforð í farteskinu standa frammi fyrir tveimur afleitum kostum. Annars vegar geta þau brugðist væntingum kjósenda og sleppt því að standa við gefin loforð. Hins vegar geta þau staðið við þau með neikvæðum afleiðingum fyrir efnahagslegan stöðugleika og lífskjör.

### Langur loforðalisti

Viðskiptaráð hefur tekið saman kostnað ríkisins vegna helstu loforða sem lögð hafa verið fram. Þar má nefna gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu, hækkun framlaga til heilbrigðismála í 11% af landsframleiðslu, hækkun lágmarkslífeyrisgreiðslna í 300.000 krónur á mánuði, tvöföldun barnabóta, stóraukin framlög til byggingar leiguíbúða og gjaldfrjálsa tannlæknaþjónustu fyrir alla.

Samanlagður kostnaður vegna þessara loforða liggur nærri 200 milljörðum króna á ári. Hækkun af því tagi jafngildir um 30% aukningu heildarútgjalda ríkisins. Flestum er ljóst að efnahagsleg áhrif slíkrar breytingar væru neikvæð. Það á enn frekar við með hliðsjón af ýmsum áskorunum sem nú þegar skapa útgjaldaþrýsting til bæði skemmri og lengri tíma, s.s. innviðauppbyggingu, öldrun þjóðarinnar og lífeyrismálum opinberra starfsmanna.

Rekstur hins opinbera snýst um forgangsröðun og raunsæi. Það er óheiðarlegt gagnvart kjósendum að leggja fram loforð sem ekki verður unnt að standa við. Allir eru sammála um að hér eigi að bjóða upp á sterkt velferðarkerfi og góða grunnþjónustu hins opinbera. Rekstur kerfanna þarf þó að rúmast innan hagkerfisins sem stendur undir þeim.

### Tökum ekki lífskjör að láni

Um þessar mundir eru uppgangstímar í efnahagslífinu. Hagvöxtur er kröftugur, atvinnuleysi er lágt og kaupmáttur hefur aukist mikið. Skuldir ríkissjóðs hafa jafnframt lækkað hratt, einkum vegna mikillar tekjuaukningar og stöðugleikaframlags úr slitabúum föllnu bankanna. Flest bendir til áframhaldandi vaxtar á næstu árum og við slíkar kringumstæður er freistnivandi stjórnmálanna mikill.

Íslendingar hafa of oft brennt sig á því að nýta ekki góðu tímana til að skapa borð fyrir báru. Árið 2015 námu heildarskuldir hins opinbera 2.200 milljörðum og vaxtagreiðslur af lánum voru um 100 milljarðar króna. Þannig fóru meiri fjármunir í vexti en sem nemur heildarframlögum ríkisins til mennta- og samgöngumála. Með niðurgreiðslu skulda myndi þessi upphæð lækka hratt. Svigrúmið má nýta til að efla þjónustu hins opinbera og skapa hagfelldara skattaumhverfi.

Það eiga allir að spyrna fæti við óábyrgum loforðum stjórnmálamanna. Ef ekki er staðið við þau flokkast þau undir blekkingar. Ef staðið er við óskynsamleg loforð ganga núverandi kynslóðir á hagsmuni þeirra sem taka við. Í stað þess að taka lífskjör að láni ættum við að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Það er rétta leiðin fram á við.




# Íslenskar leikreglur



Steinunn Sigurðardóttir
rithöfundur

**Meðan listamenn brillera út og suður og heimurinn verður vitni að sprengikraftinum í íslenskri tónlistarsköpun, kvikmyndagerð o.s.frv., hanga stjórnmálamennirnir í tímaskökkum og stórskaðlegum efnahagslausnum eins og þeirri að halda áfram að eyðileggja íslenskar náttúruperlur til að framleiða útsölurafmagn fyrir útlenda stóriðju.**

Það lítur út fyrir að gargandi athyglissýki hafi gripið eyjuna sem ól mig þegjandi og hljóðalaust lengi vel. Eyjuna sem er ekki lítil eins og stundum er sagt, heldur mjög stór. Vandræðalega fámenn hins vegar. Ef hún setur ekki flugumferð heimsins á annan endann vegna ösku úr Eyjafjallajökli, þá er slegið met í svindilbraski, samanber Panamaskjöl og bankahrun. Skömmu síðar, sárabótum líkast, verða íslenskir fótboltamenn og áhangendur þeirra senuþjófar og eftirlæti heimspressunnar á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu.

Eins og á þessu má sjá eru tilefni athyglinnar mjög ólík, og það er í stíl við annað sem íslenskt er. Andstæður. Klisjan segir Land íss og elda. En andstæðurnar eru ekki bara þar.

Í færslu á Facebook skrifar einn helsti myndlistarmaðurinn okkar, Jón Óskar, að verstu stjórnmálamenn í heimi séu á Íslandi og að þar séu jafnframt bestu listamennirnir. Þessi fullyrðing er nokkurs konar endurómur af því sem W.H. Auden, unnandi Íslendingasagna, sagði – á þá leið að þær væru stórkostlegar bókmenntir, en þjóðfélagið hryllilegt. Og vísaði þá ekki síst til blóðhefndanna sem sögurnar lýsa og geisuðu þangað til Íslendingar gáfust upp við að stjórna sér sjálfir og gengu á hönd Noregskonungi 1262.

Hvað þjóðfélag nútímans varðar urðu fræg ummæli Styrmis Gunnarssonar, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins, í viðtali við rannsóknarnefnd Alþingis vegna hrunsins, að það sé „ógeðslegt“. Nú eru sterkar vísbendingar uppi um það að mínir seinþreyttu landar séu orðnir of þreyttir á því hvernig kaupin gerast á eyrinni í þessu þjóðfélagi. Píratar, stjórnmálaflokkur sem hefur aldrei verið við völd, eru stærsti eða næststærsti stjórnmálaflokkurinn samkvæmt skoðanakönnunum, nokkurn veginn óslitið allt þetta ár. Fyrrverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem varð heimsfrægur, ekki bara í Süddeutsche Zeitung, með sinn peningalega Panamahatt, mætti aftur til leiks eftir smáhlé frá því að hann sagði af sér, og uppsker háðsglósur um samfélagsmiðlana þvera og endilanga. Hann hélt áfram í pólitík ótrauður, þrátt fyrir allt Panamasnakk, þrátt fyrir það að fylgið hrynji af Framsóknarflokknum hans, sem hefur verið mjög ráðandi við stjórnvölinn á Íslandi frá lýðveldisstofnun, ásamt Sjálfstæðisflokki. En þessir tveir flokkar hafa skarað eld svo duglega að eigin köku að sumir segja að þeir hafi skipt Íslands gæðum snyrtilega milli sín – að Framsóknarflokkur hafi fengið landið og Sjálfstæðisflokkur miðin.

Þegar mannauðurinn í íslenskum stjórnmálum er borinn saman við mannauðinn í listum blasir það við að ráðandi stjórnmálamenn sýna af sér átakanlegan skort á hugmyndum, sköpunargáfu og framtíðarsýn – eiginleikum sem listamennirnir eiga í svo ríkum mæli. Meðan listamenn brillera út og suður og heimurinn verður vitni að sprengikraftinum í íslenskri tónlistarsköpun, kvikmyndagerð o.s.frv., hanga stjórnmálamennirnir í tímaskökkum og stórskaðlegum efnahagslausnum eins og þeirri að halda áfram að eyðileggja íslenskar náttúruperlur til að framleiða útsölurafmagn fyrir útlenda stóriðju. Ferðamennskan blómstrar og færir þannig björg í bú að þetta með hrunið reddaðist að einhverju leyti, en ráðandi stjórnmálamenn geta ekki enn gert það upp við sig hvort Ísland eigi að vera náttúruparadís eða stóriðjuparadís. Sú forherta rödd þeirra og orkugeirans heyrist oft að hvort tveggja sé mögulegt! En meðal þeirra fjölmörgu sem telja að meira en nóg sé búið að eyðileggja nú þegar og vilja standa vörð um það sem eftir er af íslenskri náttúru, mundi ekki finnast ein einasta rödd sem kvakaði í þeim tvískinnungskórnum.

Listamenn eru ekki eina starfsstéttin á Íslandi sem sýnir það áberandi frumkvæði og þá sköpunargáfu sem vantar í ráðandi stjórnmálamenn, heldur fylgist maður einnig spenntur með sífrjóu handverksfólki, hönnuðum, matreiðslumeisturum. Ég frétti til dæmis af fiskrétti svo fútúrískum í flugvélinni til Basel um daginn að ég get varla beðið eftir að prófa hann næst þegar ég kem til Íslands. Grillaður þorskhaus. Þorskur er í íslensku máli mikið notaður í uppskriftir að niðrandi lýsingum á gáfnafari – og er þorskhausinn þar efstur á blaði. Þannig að þó ekki væri umdeilanlegri fegurð hans til að dreifa, væri það samt djarft tiltæki, tungumálsins vegna, að bera hann á borð.

Það er líka aðdáunarefni að fylgjast með því hvernig frumkvæði bænda hefur blómstrað kringum ferðamennskuna. Það er rétt eins og sauðfjárbóndinn og/eða kúabóndinn, hver á fætur öðrum, hafi aldrei gert neitt annað en að stofna úrvals-gistiheimili og reka það.

Vinir mínir á bóndabæ í grennd við Kirkjubæjarklaustur höfðu ætlað að selja jörðina, þegar hrunið dundi yfir 2008. Þegar sá vegur var ekki lengur fær breyttu þau fjósinu sínu í gistirými, reistu morgunverðarskála með útsýni á Vatnajökul og reka nú stórmyndarlega bændagistingu. Bóndinn smíðaði meiraðsegja rammgerða göngubrú yfir beljandi jökulfljótið í túnjaðrinum, þannig að gestir og gangandi hafa nú aðgang að hraunlandinu handan við fljótið, sem var aðallega kunnugt fuglinum fljúgandi og tófunni fram að því.

Ég á það áreiðanlega sameiginlegt með mörgum löndum mínum að vera stolt yfir því hversu mjög erlendir ferðamenn hrífast af Íslandi, og hvað þeir eru ánægðir að mega kynnast landslaginu og birtunni á þessari villtu og rómantísku eyju, sem er þó ekki nema í rétt rúmlega þriggja klukkutíma flugfjarlægð frá London, París, Berlín. Hins vegar er það meira en lítið áhyggjuefni að það er ekki reynt að hafa skynsamlegan hemil á fjölda ferðamanna á viðkvæmum svæðum, með þeim afleiðingum að skaðinn af völdum traðks og átroðnings er nú þegar að verða óafturkræfur. Enn eitt dæmið því miður um hættulega skammsýni stjórnvalda og landlægan skort á virðingu fyrir leikreglum, sem heldur áfram að gera óskunda á eyjunni minni.

*Greinin er uppfærð útgáfa af grein sem birtist í Süddeutsche Zeitung.*






Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2

KOSNINGAÞÆTTIR Á STÖÐ 2 KL. 19:10 ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA FRAM AÐ KOSNINGUM

# ALÞINGISKOSNINGAR 2016

**Heimir Már Pétursson** og **Höskuldur Kári Schram** ræða við oddvita allra flokka í hverju kjördæmi fyrir sig og fara yfir kosningamálin fyrir komandi þingkosningar.

**11. OKTÓBER**
Norðvesturkjördæmi

**13. OKTÓBER**
Norðausturkjördæmi

**18. OKTÓBER**
Suðurkjördæmi

**20. OKTÓBER**
Suðvesturkjördæmi

**25. OKTÓBER**
Reykjavíkurkjördæmin

**27. OKTÓBER**
Landið allt



365.is | Sími 1817

365



KRÓNAN
-20%
Grasker
Hrekkjavaka
skera út grasker... já!
238 kr. kg
Verð áður 298 kr. kg
Grasker Halloween, Bandaríkin
399 kr. pk.
Klementínur 950g, Spánn
Gott verð!
Clementinen
799 kr. pk.
Klementínur 2,3 kg, Spánn
TILBODIN GILDA TIL 30. OKTÓBER - AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN

Gott verð!

## + 1x Doritos snakk fylgir hverri Pepsí kippu

**758 kr. pk.**
Pepsi / Pepsi Max, 4x2L

Nýtt

**449 kr. stk.**
Marabou Daim og saltlakkrís, 200g

VEGAN

**599 kr. pk.**
Fazer tyrkisk peber, 400g

**199 kr. pk.**
Bubs lakritsskalle, 90g

**190 kr. pk.**
Doritos snakk, 170g

# KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt

1,5 lítri




First Price appelsínusafi 1,5 L

**189** kr. stk.

First Price eplasafi 1,5 L

**149** kr. stk.

Ódýrt




VEGAN

ÁN LAKTÓSA

Tvær saman

698.-

Þú sparar 100.-

Alpro sojajógúrt - Bláberja og kókos - 100g

**399** kr. stk.

Ódýrt




First Price múslí 1 kg

**289** kr. pk.


KRÓNAN
-30%
Ungnautalund
4899 kr. kg
Verð áður 6999 kr. kg
Ungnautalund, Nýja Sjáland
Ungnautagúllas
2499 kr. kg
Verð áður 2999 kr. kg
Gott verð!
Kjötmeistari Krónunnar mælir með
Ungnautasnitzel
2599 kr. kg
Verð áður 3079 kr. kg
-30%
Ungnauta Rib Eye
4199 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
Ungnauta Rib Eye, Nýja Sjáland
ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK
Steikarborgari
569 kr. pk.
Steikarborgari 120g. Alltaf tveir í pakka
ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK
Ungnautahakk
1589 kr. kg
Verð áður 1869 kr. kg
TILBOÐIN GILDA TIL 30. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Síðustu silfurdrengirnir okkar

Fréttablaðið skoðar betur gullkynslóð íslenska handboltalandsliðsins sem er nú að stórum hluta komin upp í stúku. Nú síðast duttu þrír lykilmenn út í október, tveir hættu í landsliðinu og sá þriðji missti sæti sitt í liðinu.



**Ingimundur Ingimundarson**

Landsliðsmaður frá 1999-2013

| 123 | 99 | 6 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót ÓL 2012

**Datt út 33 ára**



**Guðmundur Guðmundsson**

Þjálfari frá 2001-2004 og 2008-2012

9 stórmót

Síðasta stórmót ÓL 2012

**Þjálfar nú danska landsliðið**



**Logi Geirsson**

Landsliðsmaður frá 2003-2010

| 97 | 291 | 5 |
|---|---|---|
| leikir | mark | stórmót |

Síðasta stórmót EM 2010

**Datt út 28 ára**



**Snorri Steinn Guðjónsson**

Landsliðsmaður frá 2001-2016

| 257 | 848 | 14 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót EM 2016

**Datt út 35 ára**



**Ólafur Stefánsson**

Landsliðsmaður frá 1992-2013

| 330 | 1.505 | 16 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót ÓL 2012

**Datt út 39 ára**



**Alexander Petersson**

Landsliðsmaður frá 1999-2013

| 173 | 692 | 11 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót EM 2016

**Datt út 36 ára**



**Sigfús Sigurðsson**

Landsliðsmaður frá 1996-2008

| 166 | 321 | 8 |
|---|---|---|
| leikir | mark | stórmót |

Síðasta stórmót ÓL 2008

**Datt út 33 ára**



**Róbert Gunnarsson**

Landsliðsmaður frá 2001-2016

| 279 | 756 | 15 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót EM 2016

**Datt út 36 ára**



**Sverre Andreas Jakobsson**

Landsliðsmaður frá 1999-2015

| 182 | 27 | 10 |
|---|---|---|
| leikir | mörk | stórmót |

Síðasta stórmót HM 2015

**Datt út 38 ára**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið öðlaðist heimsfrægð í ágústmánuði 2008 þegar liðið komst alla leið í úrslitaleikinn á Ólympíuleikunum í Peking. Strákarnir töpuðu leiknum reyndar en silfurdrengirnir okkar stimpluðu sig inn sem gullkynslóð íslenska handboltans með árangri sínum.

### Eina verðlaunakynslóðin

Þetta er fyrsta og eina kynslóðin sem hefur unnið verðlaun á stórmóti og kynslóðin sem hélt íslenska landsliðinu í hópi þeirra bestu í mjög langan tíma. Það hefur smám saman tínst úr hópnum og á síðustu dögum hafa þrír lykilmenn liðsins horfið á braut.

Þegar landsliðið kemur saman á næstu dögum verða bara fjórir eftir af leikmönnunum sem tóku þátt í þessum sögulega úrslitaleik í Peking 2008. Leikmennirnir eru Björgvin Páll Gústavsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Arnór Atlason.

Síðasta vika var stór fréttavika fyrir gullskynslóðina enda byrjaði vikan á því að Alexander Petersson kvaddi liðið, síðan missti það markahæsta leikstjórnanda sögunnar, Snorra Stein Guðjónsson, og loks var markahæsti línumaður landsliðsins frá upphafi, Róbert Gunnarsson, ekki valinn í liðið.

### Þeir sem eru ennþá með



Guðjón Valur Sigurðsson



Arnór Atlason



Ásgeir Örn Hallgrímsson



Björgvin Páll Gústavsson

### Fyrstu skrefin tekin

Fyrstu skrefin að gullkynslóðinni voru tekin þegar Guðmundur Guðmundsson tók við landsliðinu 2001 og íslenska liðið komast í undanúrslit á EM í Svíþjóð árið eftir. Guðmundur kom síðan íslenska liðinu inn á sína fyrstu Ólympíuleika í tólf ár í Aþenu 2004. Liðið náði sér ekki á strik þar og mikil endurnýjun varð á liðinu undir stjórn Viggós Sigurðssonar frá 2005 til 2006.

Íslenska liðið sýndi mátt sinn í stórsigri á Frökkum undir stjórn Alfreðs Gíslasonar á HM í Þýskalandi þar sem liðið var aðeins hársbreidd frá því að leika um verðlaun. Guðmundur fékk íslenska liðið aftur í hendurnar fyrir ÓL 2008 og næstu fjögur ár á eftir voru söguleg.



Íslenska liðið vann silfur í Peking og svo brons á EM í Austurríki 2010. Liðið var einnig í hóp sex bestu á HM í Svíþjóð 2011 og vann síðan alla leiki sína í riðlakeppni Ólympíuleikanna í London 2012 áður en strákarnir þurftu að sætta við sárgrætilegt tap fyrir Ungverjum í átta liða úrslitunum.

### Alltaf á stórmótum

Á árunum eftir Ólympíuleikana í London 2012 hefur íslenska liðið haldið sér inni á stórmótum og náði meðal annars 5. sætinu á EM 2014. Liðið náði því á árunum 2008 til 2012 að enda á topp tíu á fimm stórmótum í röð. Slakt gengi á HM 2013 og áfallið á EM í Póllandi í fyrra hefur hins vegar hækkað þær raddir sem kalla á kynslóðaskipti.

Fáir ungir leikmenn hafa komist í lykilhlutverk í liðinu á þessum tímamótaárum fyrir utan Aron Pálmarsson sem var nánast orðinn lykilmaður um leið og hann klæddist landsliðsbúningnum. Aðrir hafa ekki verið mikil viðbót við liðið og fyrir vikið hefur það verið á herðum gullkynslóðarinnar að halda uppi landsliðinu í langan tíma.

Það má þó ekki líta fram hjá því að ungu strákarnir eru ekki að reyna að slá neina venjulega leikmenn út enda eru leikmenn gullkynslóðarinnar flestir í hópi bestu landsliðsmanna sögunnar í sinni stöðu. Kynslóðaskiptin hafa því dregist á langinn en landsliðið á erfitt með að fresta þeim mikið lengur. Fráhvarf Snorra Steins og Alexanders, tveggja af bestu leikmönnum liðsins í meira en áratug, eru stór tímamót.

### Reynsla og þekking farin

Á síðustu árum hefur það nánast þótt sjálfsagður hlutur að íslenska liðið væri ekki bara með á stórmótum heldur stefndi inn í hóp bestu liða mótsins. Liðið er búið að missa mikla reynslu og mikla þekkingu með brotthvarfi lykilmanna gullkynslóðarinnar en nú er það hlutverk nýrrar kynslóðar að halda Íslandi í hópi bestu handboltaþjóða heims. Yngri strákarnir njóta enn leiðsagnar sterkra karaktera eins og þeirra Guðjóns Vals, Björgvins Páls, Arnórs og Ásgeirs.

## Nýjast

**Enski deildabikarinn**

**Southampton - Sunderl. 1-0**
1-0 Sofiane Boufal (66.).

**West Ham - Chelsea 2-1**
1-0 Cheikhou Kouyate (11.), 2-0 Edimilson Fernandes (48.), 2-1 Gary Cahill (90.+4).

**Man. Utd - Man. City 1-0**
1-0 Juan Mata (54.).

**Drátturinn í 8 liða úrslit:** Arsenal - Southampton, Liverpool - Leeds, Man Utd - West Ham, Hull - Newcastle.

**Domino's-deild kvenna**

**Grindavík - Snæfell 69-66**
**Grindavík:** Ashley Grimes 24/16 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 13/10 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 10, María Ben Erlingsdóttir 8/7 fráköst, Ingibjörg Jakobsdóttir 5/5 fráköst, Íris Sverrisdóttir 4/6 fráköst, Sigrún Elfa Ágústsdóttir 3, Jeanne Lois Figueroa Sicat 2.
**Snæfell:** Pálína María Gunnlaugsdóttir 17/7 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 16/7 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 10, María Björnsdóttir 6, Berglind Gunnarsdóttir 6/7 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 5/6 fráköst, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 4, Andrea Björt Ólafsdóttir 2/4 fráköst.

**Keflavík - Valur 84-81**
**Keflavík:** Dominique Hudson 26/9 fráköst, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 21/7 fráköst, Birna Valgerður Benónýsdóttir 14, Thelma Dís Ágústsdóttir 6/6 fráköst/5 stoðsendingar, Þóranna Kika Hodge-Carr 5, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 4/4 fráköst, Irena Sól Jónsdóttir 3, Katla Rún Garðarsdóttir 2, Erna Hákonardóttir 2, Elsa Albertsdóttir 1
**Valur:** Mia Loyd 28/15 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 12, Guðbjörg Sverrisdóttir 12/4 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 10, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 9/8 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 6/11 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 4.

**Skallagr. - Njarðvík 82-52**
**Skallagrímur:** Tavelyn Tillman 26/7 fráköst/7 stoðsendingar, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Ragnheiður Benónísdóttir 10/8 fráköst/3 varin skot, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10/7 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 9, Guðrún Ósk Ámundadóttir 7, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 5/11 fráköst, Sólrún Sæmundsdóttir 2/6 fráköst, Sigurbjörg Rós Sigurðardóttir 2, Gunnfríður Ólafsdóttir 2.
**Njarðvík:** Carmen Tyson-Thomas 13/16 fráköst, María Jónsdóttir 9/9 fráköst, Erna Freydís Traustadóttir 8, Heiða Björg Valdimarsdóttir 5, Árnína Lena Rúnarsdóttir 5/4 fráköst, Hulda Bergsteinsdóttir 4, Björk Gunnarsdótir 3/6 fráköst, Soffía Rún Skúladóttir 3, Svala Sigurðadóttir 2.

**Haukar - Stjarnan 62-58**
**Haukar:** Sólrún Inga Gísladóttir 24/12 fráköst, Michelle Nicole Mitchell 15/12 fráköst, Rósa Björk Pétursdóttir 10/10 fráköst, Anna Lóa Óskarsdóttir 8, Dýrfinna Arnardóttir 5/5 stoðsendingar.
**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 20/16 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 13/9 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 9, María Lind Sigurðardóttir 6, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 4, Jónína Karlssdóttir 3, Jenný Harðardóttir 2, Hafrún Hálfdánardóttir 1/12 fráköst.

**Staðan:** Keflavík 10, Skallagrímur 8, Snæfell 8, Njarðvík 6, Stjarnan 6, Grindavík 4, Haukar 4, Valur 2.

## Í dag

**15.00 WGC: HSBC Champ.** Golfst.
**19.05 Skallagrímur - ÍR** Sport

**Domino's-deild karla**
**19.15 Tindastóll - Njarðvík** Síkið
**19.15 Skallagrímur - ÍR** Borgarnes
**19.15 Grindavík - Þór Ak.** Röstin

**Olís-deild karla**
**19.00 Akureyri - FH** Höllin
**19.30 Selfoss - ÍBV** Selfoss
**19.30 Fram - Stjarnan** Framhús

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 27. OKTÓBER 2016 FIMMTUDAGUR



Elva hefur alla tíð hannað og skapað alls kyns hluti. Undanfarið hefur hún einbeitt sér að hönnun barnafata undir merkinu Älva. MYND/GVA

# FORFALLINN BARNAFATASJÚKLINGUR

**Elva Björk Ragnarsdóttir** hannar litrík og þægileg barnaföt undir merkinu Älva. Hún hefur alltaf haft áhuga á alls konar hönnun en byrjaði að sauma barnaföt fyrir um ári. Elva hefur fengið góðar viðtökur við hönnuninni og saumar nú á fullu. »






**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



» Elva Björk Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur segist alltaf hafa verið gjörsamlega óstöðvandi í alls kyns handavinnu og föndri. Hún hélt úti blogginu Verkefni vikunnar í tæp þrjú ár þar sem hún tók sér alls kyns hluti fyrir hendur. Prjónaði, bjó til skartgripi og tók í gegn húsgögn og rými svo eitthvað sé nefnt.

Núna hefur Elva hins vegar snúið sér að því að hanna og sauma barnaföt. „Ég hef alltaf haft gaman af því að sauma og prjóna og alltaf saumað af og til síðan ég varð fullorðin. Ég varð svo algjörlega forfallinn barnafatasjúklingur þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn eins og svo margir. Það er bara svo gaman að klæða börn,“ segir Elva brosandi.

Hún saumaði þó ekki mikið á eigin börn þegar þau voru lítil sökum anna en fyrir um ári fæddist fjöldinn allur af börnum í kringum Elvu og ákvað hún að sauma handa þeim skírnargjafir. „Ég varð svo fyrir því óhappi fyrir ári að veikjast þannig að ég gat eiginlega ekki gengið. Ég hef aldrei getað setið auðum höndum svo það átti mjög illa við mig að geta ekki verið á ferðinni og stundað vinnu og líkamsrækt en ég gat setið og saumað. Ég ákvað því að prófa að sauma smá hrúgu sem ég setti inn á heimasíðuna mína, verkefnivikunnar.com, og það bara seldist rosalega vel. Svo hefur þetta bara einhvern veginn undið upp á sig,“ útskýrir Elva en hún verður með hönnun sína á Handverki og hönnun í Ráðhúsinu þann 3. til 7. nóvember næstkomandi.



Fötin hennar Elvu eru litrík og þægileg fyrir börn að vera í. MYND/ÞÓRDÍS BJÖRT



Elva leggur töluvert upp úr því að efnin í fötin sem hún saumar séu GOTS-stöðluð en GOTS stendur fyrir Global Organic Textile Standard. MYND/ÞÓRDÍS BJÖRT SIGÞÓRSDÓTTIR

Elva hannar barnafötin undir merkinu Älva en orðið er sænskt og þýðir álfur eða ljósálfur. „Og svo er það borið fram eins og nafnið mitt þannig að það var bara fullkomið. Við fjölskyldan bjuggum líka í Svíþjóð í fjögur ár og mér fannst gaman að geta tengt sköpunina við það. Ég vildi heldur ekki eitthvað rammíslenskt því maður verður alltaf að hugsa stórt,“ segir Elva kímin á svip.

Við hönnunina leggur Elva helst upp úr því að fötin séu þægileg fyrir börnin að vera í og að efnin séu vönduð auk þess að fötin séu lífleg. „Annars er ég mjög hrifnæm og get heillast af alls kyns stefnum og straumum. Það getur hreinlega verið mér til vandræða stundum. Þess vegna mun alltaf verða mikill fjölbreytileiki í því sem ég geri og aldrei margar eins flíkur í hverri stærð þó að það verði kannski alltaf einhver grunnlína í boði. Ég get ekki saumað sömu flíkina rosalega oft,“ segir hún og hlær.

Hún bætir við að hún leggi líka töluvert upp úr því að efnin séu GOTS-stöðluð en GOTS stendur fyrir Global Organic Textile Standard. „Þetta er leiðandi staðall fyrir textílframleiðslu úr lífrænum trefjum. Staðallinn leggur einnig áherslu á vistfræðilegar og félagsfræðilegar forsendur og inniber það meðal annars að öruggt vinnuumhverfi í verksmiðjum sé tryggt, að verkafólki séu tryggð lágmarkslaun og að ekki sé um að ræða barnaþrælkun svo eitthvað sé nefnt.“



> Ég varð svo algjörlega forfallinn barnafatasjúklingur þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn eins og svo margir. Það er bara svo gaman að klæða börn.
>
> Elva Björk Ragnarsdóttir




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


ORIGINS
NÚ GETUR ÞÚ NÁLGAST
UPPÁHALDS ORIGINS
vörurnar þínar í
Lyfjum & heilsu Kringlunni
GinZing™
Energy-boosting moisturizer
Orkugefandi dagkrem
4.450 kr
ORIGINS
GinZing™
Energy-boosting moisturizer
Hydratant énergisant
net wt./poids net 1.7 oz./50 ml
Lyf & heilsa
Kringlunni

# TÍSKUKLÆÐI RANNVEIGAR

Hjónin Guðrún Hildur Rosenkjær, klæðskeri og sagnfræðingur, og Ásmundur Kristjánsson gullsmiður, gáfu Byggðasafni Hafnarfjarðar góða gjöf í vor. Í samstafi við hópinn Faldafreyjur hönnuðu þau og saumuðu dýrindis faldbúning á Rannveigu Filipusdóttur Sívertsen.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Við höfðum tekið eftir því að gínan af Rannveigu í Sívertsenhúsi var í kjól sem samræmdist ekki hennar tíma. Hún var í dönskum fötum en á þessum tíma klæddust íslenskar konur miklu heldur íslenskum hátískufötum,“ segir Guðrún en hún og Ási, maður hennar, eiga og reka fræðasetrið Annríki – Þjóðbúningar og skart, sem meðal annars býður upp á námskeið í ýmsu því sem tengist þjóðbúningum.

„Fyrir nokkrum árum hafði ég tækifæri til að skoða dánarbú Rannveigar. Þá komst ég að því að Rannveig átti tvo heila faldbúninga sem voru tískubúningar þess tíma og líka hversdagsbúninga, en allt voru þetta íslenskir búningar,“ segir Guðrún en það varð að ástríðu þeirra hjóna að reyna að gera eitthvað fyrir Rannveigu.

Tækifærið kom árið 2014 þegar 270 ár voru frá fæðingu Rannveigar. „Við það tækifæri gáfum við Hafnarfjarðarbæ og Byggðasafninu hugmyndina að nýjum búningi,“ lýsir hún en þau hjónin útfærðu búninginn eftir lýsingum úr dánarbúi Rannveigar.

**MÖRG HUNDRUÐ VINNUSTUNDIR**

Tvö ár tók að vinna búninginn. „Fyrra árið fór í skipulagningu og söfnun styrkja en síðara árið fór í að sauma búninginn,“ segir Guðrún en til þess starfs kom einnig hópurinn Faldafreyjur, átta konur sem hafa verið nemendur þeirra hjóna á búninganámskeiðum í Annríki.

„Þá leituðum við til fólks ef það vildi leggja fram skart og fengum átta millur og beltispar. Ási smíðaði síðan tvær millur, svuntuhnappa og ermahnappa, og gyllti og lagaði það sem þurfti,“ segir Guðrún sem telur að verkið hafi tekið um 800 vinnustundir en heildarverðmæti búningsins er talið um 7 milljónir króna.

**ÚR FÍNASTA EFNI**

Guðrún lýsir búningnum. „Hann er að hætti þessa tíma, um aldamótin 1800, og er saumaður úr öllum þeim bestu efnum sem fáanleg voru þá, ull, flaueli, silki og bómull, enda voru hjónin Bjarni og Rannveig framáfólk í samfélaginu.“

Faldbúningurinn er í mörgum lögum. „Undirfötin eru skyrta, mikið undirpils og upphlutur úr rauðu flaueli. Við upphlutinn er áfast ullarpils, þar yfir mikið skreytt ullarpils skreytt með flauelsleggingum. Við það er svunta sem er með þremur gylltum svuntuhnöppum. Hnapparnir liggja yfir beltinu sem er baldýrað og þannig hangir svuntan föst,“ lýsir Guðrún en að hætti kvenna þess tíma var Rannveig með lausavasa undir pilsinu.

„Yfir upphlutnum er treyja með prjónuðum ermum. Kraginn sem er áfastur við treyjuna er baldýraður og einnig beltið. Þá er höfuðbúnaður að hætti þess tíma en við notuðum koparstungu af Rannveigu sem fyrirmynd að höfuðbúnaðinum og treyjunni.“



Guðrún Hildur með Rannveigu vinkonu sinni sem nú er klædd í búning sem hæfir konu af hennar stöðu. MYND/GVA



Ásmundur smíðaði tvær millur, svuntu- og ermahnappa. Beltisparið og nokkrar millur voru gefnar í verkefnið en Ásmundur sá um gyllingu og viðgerð á þeim.



Engir vasar voru á fötum og því gengu konur með lausa vasa undir pilsunum.

Við beltið ber Rannveig síðan handlínu. „Hún var svo heppin að eiga innflutta silkihandlínu. Þetta var upphaflega trúartákn en smám saman varð þetta stöðutákn. Það sýnir stöðu Rannveigar og stand að eiga svona mikið af innfluttu fíneríi,“ segir Guðrún en þau hjónin eru ákaflega ánægð með afraksturinn. „Okkur finnst Rannveig allt í einu hafa risið upp sem persóna sem fellur ekki lengur í skuggann af manni sínum.“

> „Búningurinn er að hætti þessa tíma, um aldamótin 1800, og er saumaður úr öllum þeim bestu efnum sem fáanleg voru þá, ull, flaueli, silki og bómull, enda voru hjónin Bjarni og Rannveig framáfólk í samfélaginu.
>
> Guðrún Hildur Rosenkjær











FRÁBÆRT ÚRVAL!
Frábært úrval af glæsilegum nýjum haustvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
6.990kr
st. S-XXXL
TÚNIKA
6.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
5.990kr
st. S-XXXL
BOLUR
5.990kr
st. 36-48
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
Einnig til í bláu, fjólubláu og svörtu!
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
11.990,-
st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



KRINGLUNNI | 588 2300
INDISKA




Svört pils
Kr. 12.900.-
Str. 36-46

Kr. 13.900.-
Str. 36-48

Kr. 12.900.-
Str. 36-52
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU





Teppapeysan er frábær fyrir kvöldkaffið á pallinum, sófann heima og tjaldferðalögin. MYNDIR/RAGNHEIÐUR ARNGRÍMSDÓTTIR

# HLÝJA OG NOTALEGHEIT

Helsta vara hönnunarfyrirtækisins Kofforts er lopapeysa sem kallast teppapeysa. Þar sameinast í eina hönnun teppi, peysa og koddi að viðbættri hlýju og notalegheitum. Peysan hentar vel í ferðalagið.


**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is




Vinkonurnar Inga og Stína eru hugmyndasmiðir, hönnuðir og saumakonurnar á bak við hönnunarfyrirtækið Koffort. Ingibjörg Þóra Gestsdóttir er menntaður fatahönnuður frá Köbenhavns Mode og Designskole og Kristín Unnur Þórarinsdóttir er flugfreyja hjá Icelandair. Aðalhönnun þeirra er lopapeysa sem þær kalla teppapeysu en hún er dálítið frábrugðin venjulegri íslenskri lopapeysu.

Hugmyndin kviknaði að sögn Stínu í háloftunum og hún lýsir hönnuninni betur. „Hér sameinast í eina hönnun teppi, peysa og koddi, þannig að þetta er flík sem hefur mikið notagildi. Hugmyndin er að stóla á eigin hlýju og notalegheit; að geta hvílst vel á löngum ferðalögum auk þess að vera smart.“

Þannig er t.d. hentugt að mæta í peysunni í flug. „Þegar þú vilt leggja þig og hafa það náðugt þarf ekki að biðja um teppi,“ segir Inga. „Lykkjur eru losaðar af tölum sem eru á peysunni innanverðri. Við það losnar stórt og hlýtt lopateppi eða poki sem þú geymir á bakinu og þangað ofan í er köldum fótunum stungið.“

## Frábær í ferðalagið

Hettan á peysunni er tvöföld og hefur tvenns konar tilgang að þeirra sögn. „Annars vegar getur þú rúllað allri teppapeysunni inn í hettuna og breytt henni í kodda sem auðvelt er að ferðast með. Hins vegar veitir hettan skjól, hljóðeinangrun og myrkur þegar þú vilt fá að hrjóta í friði eða fá næði.“

Auðvelt er að hengja teppið upp og breyta aftur í peysu í lok flugs. „Teppapeysan er frábær í ferðalögin og einnig mjög flott lopapeysa til daglegra nota fyrir bæði kynin. Þetta er snilldarhönnun fyrir kvöldkaffið á pallinum, fyrir sófann heima og ekki síst fyrir tjaldferðalögin enda geta íslensku sumarkvöldin orðið svöl.“

Tölurnar á teppapeysunni eru úr kindahorni, handgerðar úr



Konurnar á bak við Koffort eru Ingibjörg Þóra Gestsdóttir (t.v.) og Kristín Unnur Þórarinsdóttir. Hér klæðast þær kápupeysunum Cargo og Marina frá Koffort. MYND/EYÞÓR

smiðju Rítu Freyju í Borgarnesi. Peysurnar eru framleiddar í þremur stærðum og þremur fallegum litum. „Við erum alltaf að fá nýjar hugmyndir og erum duglegar að koma þeim í framleiðslu. Við erum t.d. að gera fallegar kápupeysur og barnapeysur ásamt alls kyns fylgihlutum. Núna fyrir jólin koma fyrstu herrapeysurnar á markað og erum við mjög spenntar fyrir þeim.“

## Alíslensk hönnun

Þær segja fyrirtæki sitt vera umhverfisvænt og framleiðslan sé „slow fashion“ þar sem hver flík er handunnin þó að efnið sé vélprjónað. Því fari mikil natni og tími í hverja flík. „Ullin sem við notum kemur frá íslenskum bændum og prjónið er í höndum Glófa. Saumaskapurinn hefur nánast alfarið verið í okkar höndum. Við getum því sagt með stolti að um alíslenska hönnun sé að ræða.“

Þessa dagana er verið að uppfæra heimasíðuna koffort.is en á meðan má skoða vöruúrvalið á Facebook undir Koffort – Icelandic Wool Design. „Peysurnar okkar eru líka seldar í yndislegri íslenskri hönnunarverslun á Laugaveginum sem heitir Jökla. Þar selja sautján íslenskir hönnuðir vörur sínar milliliðalaust til neytenda og standa sjálfir vaktina í versluninni. Einnig tökum við þátt í jólamarkaði í Kaupmannahöfn í fyrsta sinn nú í desember og hlökkum mikið til. Við höfum tekið þátt í Handverkshátíðinni á Hrafnagili undanfarin ár sem er alltaf ævintýralega skemmtilegt. Við vorum svo lánsamar að fá þar verðlaun árið 2012 en þá var teppapeysan okkar valin hönnun ársins, sem er mikill heiður. Við höfum einnig tekið þátt nokkrum sinnum í Handverki og hönnun í Ráðhúsinu en við náðum ekki að vera með þetta árið. Ætlum að láta Kaupmannahöfn duga.“

# Barnaafmæli

27. október 2016

**KYNNINGARBLAÐ** KRUMMA | Smáratívolí



Oreo-bollakökurnar hafa verið vinsælar á heimili Evu Laufeyjar.



Rice Krispies kakan er girnileg.

# Ljúffengar kökur í veisluna

**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir** á ekki í vandræðum með að hrista veitingar í afmælisveisluna fram úr erminni. Hún gefur hér uppskriftir að Oreo bollakökum og Rice Krispies marengsköku. Ný bók hennar, Kökugleði Evu, kemur út í næstu viku.

Sælkerinn og sjónvarpskokkurinn Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir segir að þegar hana langi í eitthvað sérstaklega gott þá sé ekki ólíklegt að eitthvað með Oreo kexi í verði fyrir valinu. „Oreo bollakökurnar hafa verið mjög vinsælar á mínu heimili undanfarin ár og standa alltaf fyrir sínu. Ég meina, hver elskar ekki þessar ómótstæðilegu kexkökur?“ segir hún og brosir.

Eva Laufey gefur hér uppskrift að Oreo bollakökunum og Rice Krispies marengsköku en hún segir Rice Krispies og marengs passa ótrúlega vel saman. „Þannig verður úr skemmtileg kaka með litríkum súkkulaðiperlum. Það má auðvitað fara alla leið og tvöfalda þessa uppskrift en það er bara ef þið þorið, þetta er sannkölluð marengsbomba.“

## OREO BOLLAKÖKUR

**250 g smjör, við stofuhita**
**4 dl sykur**
**4 egg**
**4-5 dl mjólk (eða rjómi)**
**6 dl hveiti**
**2-3 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. matarsódi**
**2 tsk. vanilla (dropar eða sykur)**
**16 Oreo smákökur (1 pakki)**

Hitið ofninn í 180°C (blástur). Þeytið sykur og smjör í þrjár mínútur og bætið eggjunum út í, einu í einu og bætið eggjunum út í einu og einu eggi saman við. Þeytið vel á milli.

Sigtið saman hveiti og lyftiduft að minnsta kosti þrisvar sinnum. Bætið hveitiblöndunni, matarsódanum, vanillu og mjólkinni saman við og þeytið vel í nokkrar mínútur þar til blandan verður orðin silkimjúk.

Saxið Oreo kexkökurnar eða myljið í matvinnsluvél, setjið út í deigið og blandið saman með sleikju. Skiptið deiginu niður í bollakökuform og bakið í 15 til 18 mínútur. Kælið kökurnar áður en að þið smyrjið á þær kreminu.

### Oreo súkkulaðikrem

**220 g smjör, við stofuhita**
**4 dl flórsykur**
**2 tsk. vanilluextrakt eða vanillusykur**
**100 g hvítt súkkulaði**
**4-5 Oreo kexkökur**

Þeytið saman smjör og flórsykur í nokkrar mínútur, því lengur sem þið hrærið kremið því betri áferð fáið þið. Bræðið hvítt súkkulaði í vatnsbaði og bætið við smjörkremið ásamt vanillu. Saxið Oreo kexkökur eða myljið í matvinnsluvél, blandið mylsnunni saman við kremið. Gott er að setja kremið í sprautupoka og sprauta á kökurnar. Skreytið bollakökurnar gjarnan með Oreo kexköku.



**Eva Laufey gefur hér uppskriftir að gómsætum kökum sem renna ljúflega niður í veislugesti.** MYND/VALLI

## RICE KRISPIES GLEÐI

### Rice Krispies botn

**150 g súkkulaði**
**150 g smjör**
**3 msk. síróp**
**4 dl Rice Krispies**

Bræðið súkkulaði og smjör í potti við vægan hita, bætið sírópinu saman við þegar súkkulaðið er bráðnað og hrærið vel í. Bætið Rice Krispies út í og blandið öllu vel saman. Setjið deigið í form, helst smelluform svo auðvelt sé að taka botninn upp úr. Geymið í kæli á meðan marengsinn er útbúinn.

### Marengstoppur

**3 eggjahvítur**
**1 dl púðursykur**
**1,5 dl sykur**

Hitið ofninn í 150°C. Þeytið eggjahvítur, um leið og það byrjar að freyða í skálinni bætið þið sykrinum saman við, í þremur hlutum. Þeytið áfram þar til marengsinn er stífur og hreyfist ekki. Setjið deigið á pappírsklædda ofnplötu og myndið hring sem er jafn stór eða aðeins minni en Rice Krispies botninn. Bakið við 150°C í klukkustund. Kælið botninn vel áður en þið setjið á hann krem.

### Súkkulaðikrem

**100 g suðusúkkulaði**
**25 g smjör**
**2 eggjarauður**
**2 msk. sykur**

Bræðið smjör og súkkulaði í potti við vægan hita þar til súkkulaðið er bráðnað, leggið til hliðar.

Þeytið eggjarauður og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Hellið súkkulaðiblöndunni saman við í mjórri bunu og blandið vel saman. Hellið súkkulaðiblöndunni í skál og kælið.

### Krem og samsetning

**300 ml rjómi**
**súkkulaðiperlur**

Þeytið rjóma og setjið hann ofan á Rice Krispies botninn. Leggið síðan marengsbotninn yfir hann og meiri rjóma ofan á þann botn. Hellið súkkulaðisósunni yfir en gætið þess að hún sé orðin köld. Skreytið kökuna með litríkum súkkulaðiperlum.

***Uppskriftirnar og fleiri til má finna í nýrri bók Evu Laufeyjar, Kökugleði Evu, sem kemur út á fimmtudag.***

# Leikir halda veislunni í böndum

Fjölmennum barnaafmælum þarf helst að stýra svo þau verði ánægjuleg fyrir bæði börn og fullorðna. Leikir eru vel til þess fallnir að halda veislunni í böndum en jafnframt til að hrista gestina saman. Í tveggja klukkustunda afmæli er gott að bjóða upp á að minnsta kosti tvo leiki. Einn fyrir mat og annan eftir. Hægt er að fara nokkrar umferðir með hvern leik.



Í söngleiknum þarf að vera fljótur að hugsa. Í honum skiptir liðsheildin sköpum.

**SÖNGLEIKUR**

**Undirbúningur**

Skrifið niður tíu þekkt dægurlög. Lagavalið fer svolítið eftir aldri þátttakenda en tökum dæmi:

Glaðasti hundur í heimi
Horfðu til himins
Ástardúett

Ruglið orðunum. Til dæmis svona:

istagalð durnuh í imhei
rofðuh ilt mihnsi
arúdettáts

Skrifið hvert stafarugl á tíu stök blöð.

**Leikurinn**

Skiptið þátttakendum í nokkra hópa. Sýnið hópunum eitt stafarugl í einu. Sá hópur sem er fyrstur að fatta um hvaða lag er að ræða byrjar að syngja það og fær stig. Hægt er að aðlaga leikinn á ýmsan veg. Það má til dæmis bæta við aukastigi fyrir góðan flutning og sömuleiðis fyrir að geta nefnt flytjandann. Sá hópur sem er með flest stig eftir að hafa séð stafaruglin tíu vinnur.



Blöðrugrip er hressandi leikur. Það má gera hann enn meira spennandi með því að hafa verðlaun fyrir sigurvegarana.

**BLÖÐRUGRIP**

Þátttakendur sitja eða standa í hring. Einn byrjar í miðjunni með blöðru. Hann kastar blöðrunni upp í loft og kallar nafn einhvers í hringnum sem á að grípa blöðruna. Ef hann nær því skiptir hann við þann sem er í miðjunni. Ef ekki er hann úr leik. Ef notaðir eru stólar verða fleiri og fleiri auðir eftir því sem líður á leikinn þar til aðeins tveir þátttakendur standa eftir; einn í miðjunni og einn í hringnum. Hægt er að gera leikinn erfiðari með því að stækka hringinn.

**ÖRKIN HANS NÓA**

**Undirbúningur**

Skrifið niður dýranöfn á litla miða. Brjótið saman og setjið í skál. Raðið stólum í hring þannig að setur snúi inn. Takið til nóg af treflum eða öðru sem má nota til að binda fyrir augu.

**Leikurinn**

Þátttakendur vinna saman tveir og tveir. Hvert par dregur dýranafn úr skálinni. Annar úr parinu fer út úr herberginu á meðan hinn velur sér stól og stillir sér upp fyrir aftan hann. Sá sem fór út bindur fyrir augu áður en hann kemur aftur inn. Sá sem stendur fyrir aftan stólinn reynir að ná félaga sínum með því að herma eftir dýrinu. Leiknum lýkur þegar öll dýrin hafa náð saman en það getur verið snúið þegar öll dýrahljóðin heyrast í einu.

**Fleiri hugmyndir er til dæmis að finna á Leikjavefnum, leikjavefurinn.is, en síðari leikirnir tveir eru fengnir þaðan.**

# Ævintýraheimur fyrir börn

Fyrirtækið **KRUMMA ehf.** fagnar 30 ára afmæli á árinu. Fyrirtækið var stofnað undir nafni Barnasmiðjunnar af hjónunum Elínu Ágústsdóttur og Hrafni Ingimundarsyni en árið 2011 var nafni fyrirtækisins breytt í KRUMMA. Fyrirtækið var sett á stofn með það fyrir augum að bjóða vandaða og umhverfisvæna vöru fyrir börn að leik innan- og utandyra. Afsláttardagar verða í KRUMMA í næstu viku.

Verslun KRUMMA er sannkölluð ævintýraveröld fyrir börn og hefur um árabil verið falin gersemi á höfuðborgarsvæðinu. Allar vörulínur fyrirtækisins hafa til að bera sérstaka vottun um öryggi. Vörurnar eru sérhannaðar fyrir börn frá fæðingu til tólf ára aldurs. Hjá KRUMMA er breitt vöruúrval fyrir leik- og grunnskóla og ekki síður fyrir einstaklinga. Margir leggja því leið sína í KRUMMA til að kaupa vandaðar og góðar gjafir.

Hrefna Halldórsdóttir, verslunarstjóri KRUMMA, segir að áherslan sé á að flytja inn falleg og vönduð þroskaleikföng fyrir börn auk framleiðslu og innflutnings á útileiktækjum og útihúsgögnum. „Við veitum persónulega þjónustu og hingað eru allir velkomnir,“ segir hún. Á heimasíðunni www.krumma.is er hægt að skoða allt það góða úrval leikfanga sem boðið er upp á í versluninni. Hægt er að kaupa þau beint af vefverslun.

„Við bjóðum meðal annars upp á gæðamerki frá evrópskum framleiðendum. Má þar nefna BRIO þroskaleikföng, HAPE trévörur, og LEGO Education, HAMA perlur, Bänfer svampkubba, svo höfum við verið að taka inn nýjar tegundir sbr. TEGU segulkubba og GIGI pappakubba sem hafa notið mikilla vinsælda,“ upplýsir Hrefna. „Þá býður fyrirtækið vönduð hollensk trampólín í mörgum stærðum en þau hafa fengið alla helstu öryggisstimpla og eru samþykkt til notkunar bæði í heimahúsum og íþróttahúsum,“ segir hún.

**„ KRUMMA ætlar að starta jólunum snemma í ár en dagana 4.-5. nóvember verða afsláttardagar í verslun KRUMMA við Gylfaflöt, þar sem verður allt að 70% afsláttur af völdum vörum.**

*Hrefna Halldórsdóttir*




Hrefna Halldórsdóttir, verslunarstjóri hjá KRUMMA, segir að afsláttardagar standi yfir í versluninni 4. og 5. nóvember. Hægt er að gera góð kaup á afsláttardögum. MYND/GVA

„Þegar fyrirtækið hóf rekstur fyrir þrjátíu árum var það fyrst aðeins með framleiðslu á útileikföngum. Síðan hefur reksturinn eflst og innflutningur á leikföngum aukist enda mikil þörf á markaðnum. Elín er sjálf leikskólakennari og veit hvað börnin vilja,“ segir Hrefna. „Þau hjónin hafa alltaf haft það að leiðarljósi að leikföngin hafi kennslulegt gildi. Öll leikföngin eru vottuð um að þau séu eiturefnafrí og málning sem notuð er blýlaus. Vörurnar eru því með öllu hættulausar,“ bætir hún við. „Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað á þrjátíu árum með auknum fjölda starfsmanna, bæði í verslun og á verkstæði,“ segir Hrefna. Starfsfólk KRUMMA ætlar að starta jólunum snemma í ár en dagana 4.-5. nóvember verða afsláttardagar í verslun KRUMMA við Gylfaflöt, þar sem verður allt að 70% afsláttur af völdum vörum.

**KRUMMA er á Facebook og er með Instagram-síðu. Fyrirtækið er við Gylfaflöt 7, sími 587 8700.**

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Ólafur H. Hákonarson| olafurh@365.is | s. 512-5433
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# Tívolístemning í afmælinu

**Smáratívolí** býður upp á sérstaka afmælisdagskrá fyrir börn á ólíkum aldursskeiðum. Velja má um fjórar mismunandi útfærslur á afmælisveislum í leiktækjum tívolísins. Allir pakkarnir innihalda tvær pitsusneiðar á mann og safa og gos eins og hver vill.

„Við sjáum um allt, afmælisbarnið þarf bara að mæta á staðinn. Við sjáum um að dekka borð og borðbúnaður og glös fylgja í pakkanum. Að lokum sjáum við einnig um allan frágang. Miðað við alla þá vinnu sem annars færi í að undirbúa veisluna heima, laga til, baka og útbúa mat og ganga svo frá eftir allt saman, er þetta ólíkt þægilegra, að ekki sé talað um að þurfa ekki að hafa ofan af fyrir öllum börnunum meðan á veislunni stendur,“ segir María Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Smáratívolís, en Smáratívolí býður upp á fjóra ólíka afmælispakka fyrir börn á ólíkum aldursskeiðum.

Öllum pökkunum fylgja tvær pitsusneiðar á mann frá Rizzo Express, safi og gos. Einnig er hægt að koma með aðrar veitingar, til dæmis afmælisköku eða annað.

Afmælisgestir hafa aðgang að skreyttum hátíðasal þar sem boðið er upp á veitingarnar og afmælisbarnið opnar pakkana. Ýmist er hægt að byrja í salnum áður en tívolídagskráin hefst eða enda þar, allt eftir því hvað hentar aldri og samsetningu hópsins.

### Sniðugt að deila kostnaði

María segir að verðið á meðalstóru barnaafmæli ætti að vera á færi flestra. Til dæmis kosti Frumskógarpartýið 1.990 krónur á hvert barn og Leikjapartý 2.390 krónur. „Foreldrar slá gjarnan saman í veislu, til dæmis ef tvö börn í sama bekk eiga afmæli á svipuðum tíma og deila þannig kostnaðinum.“






Smáratívolí býður upp á sérstaka afmælisdagskrá fyrir börn á ólíkum aldursskeiðum.

## LEIKJAPARTÝ

„Annar pakki fyrir eldri krakkana kallast Leikjapartý. Þá fær hver gestur Tívolíkort sem nota má til að spila í leiktækjum tívolísins í heila klukkustund. Með kortunum komast krakkarnir einnig í fjögur stór tæki, eins og 7D bíó og Sleggjuna en tíu ára aldurstakmark er í hana, trampólín, klessubíla og keilu. Kortin gilda í klukkustund eftir að þau eru virkjuð.



## MEGA LEIKJAPARTÝ

„Mega leikjapartý er veglegasti veislupakkinn okkar og tekur yfirleitt um tvo og hálfan tíma. Spilaðir eru tveir leikir í lazertag, farið í fjögur stór leiktæki í tívolíinu og að auki fá krakkarnir tívolíkort sem gildir í klukkustund. Svo fá allir krapdjús að auki við aðrar veitingar í Mega leikjapartýinu.“

## FRUMSKÓGARPARTÝ FYRIR ÞAU YNGSTU

„Frumskógarpartý er tilvalinn pakki fyrir yngsta aldurshópinn,“ segir María. „Hann inniheldur eina ferð í klessubílana þar sem krakkarnir eru tveir og tveir í bíl og skiptast á að stýra. Eftir bílana tekur við ævintýralegur leiktími í Frumskógarklifurhúsinu. Klifurhúsið okkar er lokað svæði. Allir afmælisgestirnir eru einnig í samlitum vestum og er börnunum fylgt af starfsmönnum til og frá klifurhúsinu,“ segir María.



„Við sjáum um allt, afmælisbarnið þarf bara að mæta á staðinn,“ segir María Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Smáratívolís.



Lazertag-pakkinn er mjög vinsæll hjá tíu ára krökkum og eldri.

## LAZERTAG-PAKKI FYRIR 10+

„Fyrir krakka tíu ára og eldri standa fleiri veislulútfærslur til boða og er lazertag-pakkinn okkar mjög vinsæll hjá tíu ára krökkum og eldri,“ segir María. „Í þeim pakka eru spilaðir tveir lazertag-leikir, hvor leikur tekur um 15 mínútur. Í heildina tekur þó dagskráin um eina og hálfa klukkustund en inn í það kemur leiðsögn, mátun á vestum og hvíld milli leikja.“

## FULLORÐINSAFMÆLI

Þá eru afmælin í Smáratívolíi ekki einungis vinsæl hjá yngstu kynslóðinni en María segir algengt að fullorðnir haldi veislur í leikjasalnum. „Afar og ömmur bjóða gjarnan allri fjölskyldunni í veislu í tívolí. Við sjáum þá um veitingarnar meðan hópurinn skemmtir sér saman. Þetta er sérstaklega vinsælt hjá þeim sem eiga stórar og barnmargar fjölskyldur og vekur alltaf mikla lukku,“ segir María.



Fullorðinsafmæli eru orðin vinsæl í Smáratívolíi.



## Hressandi sítrónudrykkur

Sítrónudrykkur er mjög vinsæll hjá krökkum og þeim finnst spennandi að fylgjast með þegar hann er útbúinn. Það er upplagt að bjóða krökkunum upp á þennan drykk í afmælum, að vísu er töluvert sykur í honum en þetta er sparidrykkur.

**Uppskriftin miðast við átta**

**8 sítrónur**
**225 g sykur**
**9 dl sódavatn**
**1 lítri ísmolar**

Rífið niður sítrónubörkinn og leggið til hliðar.

Pressið safann úr öllum sítrónunum og blandið saman við sítrónubörkinn og sykurinn. Hitið upp og látið sykurinn bráðna. Takið af hitanum. Sigtið safann og kælið. Setjið í stóra könnu með ísmolum og fyllið upp með sódavatni. Mjög frískandi og góður drykkur.



## Pappírsföndur í skraut

Músastigar, pappírsfánar, slaufur og litskrúðugir renningar eru tilval skraut í barnaafmælið. Pappírsdúskar hangandi niður úr lofti yfir kökuborðinu setja mikinn svip á veisluna og lítið mál að búa þá til í samvinnu við afmælisbarnið.

Leggið nokkrar arkir af þunnum lituðum pappír hverja ofan á aðra. Því fleiri arkir, því umfangsmeiri og þéttari verður dúskurinn.

Brjótið svo 2 sm upp á bunkann, fram og til baka eins og „harmonikku“.

Bindið vír um miðjuna til að halda öllu saman. Þá ætti „harmonikkan“ að líta út eins og slaufa.

Rúnnið brúnirnar með skærum og togið svo pappírinn út frá vírnum í miðjunni, lag fyrir lag þar til allur pappírinn stendur út og myndar dúsk.

Hengið svo upp í loft eða dreifið um borðið.

*Onelittleproject.com*

## GAMAN AÐ MAULA MUFFINS

Litlar og fallega skreyttar muffins eru skemmtilegar í barnaafmælin. Hér er uppskrift að góðum muffinsgrunni sem fengin er af síðunni eldhussogur.is. Hægt er að nota grunninn einan og sér eða bæta við berjum eða súkkulaðibitum.

**MUFFINS**
**(20 stykki)**

**100 g smjör**
**2 egg**
**2 dl sykur**
**3 dl hveiti**
**2 tsk. lyftiduft**
**2 tsk. vanillusykur**
**1 dl mjólk**

Ofninn er hitaður í 200 gráður. Smjörið er brætt og látið kólna, þá er mjólkinni bætt út í. Egg og sykur eru þeytt þar til blandan verður létt og ljós. Þá er hveiti, lyftidufti og vanillusykri blandað saman. Þessari þurrblöndu er blandað smátt og smátt út í eggjablönduna á víxl við smjör/mjólkurblönduna. Deiginu er skipt á milli um það bil 20 muffinsforma en formin eiga að vera fyllt að 2/3. Bakað í ofni við 200 gráður í um 15 mínútur.

**SMJÖRKREM MEÐ VANILLU**

**150 g smjör (við stofuhita)**
**200 g flórsykur**
**2 tsk. vanillusykur**
**2 msk. síróp**
**Matarlitur**

Hrærið smjörið þar til það er orðið kremkennt. Sigtið flórsykur og blandið síðan smátt og smátt saman við smjörið. Ef kremið er of þykkt er hægt að bæta við örlítilli mjólk. Hrærið að lokum sírópi saman við. Ef kremið á að hafa lit er matarlitnum bætt út í að síðustu. Smyrjið kreminu á kaldar muffins.






# DEBENHAMS




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING

## Í DEBENHAMS 27. OKT. – 2. NÓV.

**20%** AFSLÁTTUR AF FORCE C OG PUR RITUAL LÍNUNUM, ÖLLUM MÖSKURUM OG MAGIC CONCEALER BAUGAHYLJARA.



### NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HELENA RUBINSTEIN

- **FORCE C AUGNMASKI OG AUGNKREM** sem þéttir húðina, vinnur á þrota og dökkum baugum, eykur ljóma og styrkir húðina.
